Ársskýrsla Akureyrarbæjar

Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2009

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Ársskýrsla 2009

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000
Fax 460 1001
www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2010
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirlestur og prófarkir:	Brynja Björk Pálsdóttir og Gunnar Frímannsson
Ljósmyndir:	Ragnar Hólm Ragnarsson og Hrafnhildur Reykjalín
Hönnun og umbrot:	Stíll
Prentun og bókband:	Ásprent

Að þessu sinni prýða ársskýrsluna myndir sem endurspegla mikilvægi ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og stækkun þess til norðurs með sameiningu við Hrísey og Grímsey.

EFNISYFIRLIT

Ávarp bæjarstjóra 4
Bæjarstjórn og bæjarráð 5
Akureyrarstofa 5
Búsetudeild 6
Fasteignir Akureyrarbæjar 7
Fjármála- og hagþjónusta 9
Fjölskyldudeild 11
Framkvæmdadeild 11
Heilsugæslustöðin 13
Íþróttadeild 13
Samfélags- og mannréttindadeild 14
Skipulagsdeild 14
Skóladeild 15
Starfsmannaþjónusta 19
Öldrunarheimili 20
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnum 31. desember 2009 22
Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum 23
Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnum fyrirtækja 23

ÁVARP BÆJARSTJÓRA

Ágætu Akureyringar!

Árið 2009 var fyrsta heila rekstrarár bæjarins eftir bankahrunið í október 2008 og starfsemi bæjarins á árinu markast mjög af því. Fall bankanna breytti stöðu og forsendum bæjarfélagsins þar sem tekjur minnkuðu og skuldir hækkuðu. Bæjaryfirvöld tóku ákvörðun um að leita allra leiða til þess að tryggja grunnþjónustu bæjarins og störf þeirra sem henni sinna. Ljóst var að til að svo mætti verða þyrfti að reka bæjarsjóð með tapi. Mjög vel gekk að ná þeim markmiðum sem að var stefnt; störf bæjarstarfsmanna voru varin og þjónustu á vegum bæjarins var áfram vel sinnt, auk þess sem afgangur varð af rekstri bæjarins og fyrirtækja hans. Sá árangur er mjög ánægjulegur og þýðir að Akureyrarbær er í mun betri stöðu en ella hefði verið til að takast á við erfitt efnahagsumhverfi á næstu árum.

Árið var mikið framkvæmdaár. Framkvæmdum lauk við fyrri hluta Naustaskóla og hann var tekinn í notkun síðastliðið haust. Með sama hætti lauk framkvæmdum við íþróttasvæðið við Hamar, Þórsvöllinn, á miðju árinu. Þar var síðan haldið Landsmót UMFÍ í byrjun júlí og heppnaðist vel í alla staði. Vinna við menningarhúsið Hof var fram haldið sem og vinnu við nýtt íþrótta- og fimleikahús við Giljaskóla. Þó var ákveðið að hægja á framkvæmdum við bæði þessi verk og því tefst um ár að húsin verði tekin í notkun.

Í kjölfar efnahagshrunsins hægði verulega á hjólum atvinnulífsins og atvinnuleysi jókst hér á Akureyri. Þrátt fyrir þetta voru ýmis jákvæð teikn á lofti í atvinnumálum. Ný fyrirtæki tóku til starfa, starfsemi margra rótgróinna fyrirtækja gekk vel og ferðamönnum fjölgaði verulega, ekki síst vegna aukins fjölda gesta í Hlíðarfjalli.

Sveitarfélögin Akureyri og Grímsey sameinuðust á árinu. Eyjarnar Grímsey og Hrísey eru þar með báðar orðnar hluti af sveitarfélaginu okkar og nyrsti hluti þess liggur nú norðan heimskautsbaugs. Sameiningin er vonandi lítið skref í átt að sameiningu allra sveitarfélaga við Eyjafjörð.

Þegar upp er staðið hefur samstaða og samtakamáttur Akureyringa fleytt okkur yfir þann erfiða hjalla sem árið 2009 var. Miklu máli skiptir að allir leggist á árarnar þegar á móti blæs og það hefur sannast á því hve vel hefur gengið að takast á við kreppuna og afleiðingar hennar hér á Akureyri. Full ástæða er til að þakka starfsmönnum og íbúum öllum fyrir skilning og gott samstarf við þetta stóra verkefni. Takist að vinna áfram með sama hætti þá mun okkur vel farnast.

Akureyri í apríl 2010,

Hermann Jón Tómasson,
bæjarstjóri á Akureyri

Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 17.522 hinn 1. desember 2008. Hinn 1. desember 2009 voru þeir 17.563 og hafði fjölgað um 41 eða um 0,23%. Karlar voru 8.665 og konur 8.898.

Frá 2. desember 2008 til 1. desember 2009 fæddist 271 barn en 125 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá voru brottfluttir frá 2. desember 2008 til 1. desember 2009 1.193 en aðfluttir til bæjarins 1.090, þ.e. brottfluttir umfram aðflutta voru 103. Flutningar innan bæjarins voru 2.038 á árinu 2009.

Grímseyjarhreppur sameinaðist Akureyrarkaupstað 1. júní 2009.

Elsti íbúi bæjarins 1. desember 2009 var Ingibjörg Hugrún Gook, 100 ára, fædd 11. ágúst 1909.

Stjórnkerfi Akureyrarbæjar

Fastanefndir



Deildir og yfirstjórn Akureyrarbæjar



Bæjarstjórn og bæjarráð

Bæjarstjóraskipti voru á árinu en í samstarfssamningi Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Akureyrar árin 2006-2010 var ákveði um að bæjarstjóri kæmi frá Sjálfstæðisflokki fyrstu 3 árin en síðasta árið frá Samfylkingunni. Sigrún Björk Jakobsdóttir lét því af starfi bæjarstjóra þann 9. júní 2009 og við bæjarstjórastarfinu tók Hermann Jón Tómasson.

Á árinu voru haldnir 19 fundir í bæjarstjórn og 42 fundir í bæjarráði. Á fundi bæjarstjórnar þann 9. júní 2009 var Sigrún Björk Jakobsdóttir kjörin forseti bæjarstjórnar til eins árs, Sigrún Stefánsdóttir 1. varaforseti og Oddur Helgi Halldórsson 2. varaforseti. Sigrún Björk Jakobsdóttir var kjörin formaður bæjarráðs og ásamt henni voru kosin í bæjarráð Sigrún Stefánsdóttir varaformaður, Elín Margrét Hallgrímsdóttir, Baldvin Halldór Sigurðsson og Oddur Helgi Halldórsson en Jóhannes Gunnar Bjarnason var áheyrnarfulltrúi.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa voru haldnir samkvæmt venju hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann en alls voru þeir 15 á árinu. Þessir viðtalstímar eru góður vettvangur íbúa til að koma skoðunum sínum og erindum á framfæri en fleira er gert til að auka áhrif bæjarbúa á rekstur og þjónustu bæjarins. Hverfisnefndir starfa nú í öllum skólahverfum en þær geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum hver í sínu hverfi, annað hvort með aðgerðum íbúanna sjálfra eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld. Einnig voru starfandi hverfisráð í Hrísey og samráðsnefnd í Grímsey eftir sameiningu Grímseyjar og Akureyrarkaupstaðar sem tók gildi 1. júní 2009. Notendaráð hafa verið stofnuð við Sundlaug Akureyrar, Amtsbókasafnið og Tónlistarskólann auk þess sem skólaráð starfa nú við alla grunnskóla og foreldraráð við alla leikskóla en þessi ráð eru samráðsvettvangur stjórnenda stofnananna og notenda þjónustunnar.

Akureyrarstofa

Akureyrarstofa er menningar-, markaðs-, og ferðamálaskrifstofa Akureyrarbæjar og fer einnig með atvinnumál fyrir hönd sveitarfélagsins. Árið 2009 var annað heila starfsárið og einkenndist mjög af aukinni og beinni þátttöku í þróun ferðaþjónustu í bænum.

Ferða- og markaðsmál

Akureyrarstofa kom að fjölmörgum verkefnum á sviði ferðaþjónustu með beinum og óbeinum hætti. Gengið var frá samningi við Ferðamálafélag Hríseyjar sem hefur það að markmiði að efla eyjuna sem eftirsóknarverðan áfangastað, „Súpufundir ferðaþjónustunnar" festu sig í sessi en á þeim hittast 60-80 aðilar úr ferðaþjónustunni á Akureyri og nágrenni á 6-8 vikna fresti og bera saman bækur sínar. Gestarúta eða „City Bus" var í ferðum um bæinn síðasta sumar og bauð gestum af skemmtiferðaskipum og öðrum gestum bæjarins í útsýnisferðir um bæinn. Verkefnið var unnið í samvinnu Akureyrarstofu, SVA og Vinnumálastofnunar. Akureyrarstofa og Vinir Akureyrar, félag hagsmunaaðila í verslun og þjónustu á Akureyri, skipulögðu hátíðarhöld um verslunarmannahelgina í sameiningu öðru sinni og tókst vel til. Áfram var unnið að markaðssetningu á áfangastaðnum í kringum hátíðir og stærri viðburði undir heitunum Aðventuævintýri, Vetrarfrí og Páskaævintýri á Akureyri. Markaðsverkefnið „Komdu norður!" sem unnið er í samstarfi um 80 aðila í ferðaþjónustu á Akureyri hélt áfram og skilaði góðum árangri.

Atvinnumál

Versnandi atvinnuástand setti nokkurt mark á starfsemi ársins. Atvinnuleysi á landinu fór úr 1% í 9-10% á 3-4 mánðum í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Ástandið var að jafnaði heldur skárra á Norðurlandi eystra og atvinnuleysi rétt undir landsmeðaltali.

Sett var á fót sérstakt atvinnuátaksverkefni sem Akureyrarstofa stýrði. Stofnanir Akureyrarbæjar og félagasamtök réðu til sín starfsfólk í atvinnuleit og Akureyrarbær bætti styrk ofan á atvinnuleysisbætur svo úr urðu full laun. Úr urðu afar fjölbreytt verkefni; við nýja bátasmiðju Nökkva, lðngarða sem sérstaklega voru settir á fót vegna atvinnuástandsins, ráðgjöf við aðra atvinnuleitendur, við skógrækt í Kjarnaskógi og svo mætti lengi telja. Alls fengu 43 einstaklingar vinnu í gegnum þessi verkefni í samtals 150 mánuði.

Menningarmál

Á sviði menningarmála tókst að halda í horfinu þrátt fyrir almennt þrengri rekstrarskilyrði. Á Amtsbókasafninu var starfsemin með hefðbundnu sniði, útlán voru 231.187 og jukust um 3.710 frá árinu áður. Gestir voru alls 127.575 og fjölgaði um 4.400 á milli ára. Flestir komu í júlí en fæstir í desember. Að venju var sýningarhald og fyrirlestrastarf öflugt á safninu. Settar voru upp 8 sýningar og má þar nefna til dæmis List án landamæra, Miðbæjarskipulag Akureyrar og Sögusýningu í tilefni 100 ára afmælis Landsmóta UMFÍ. Frá efnahagshruninu 2008 hefur orðið samfelld aukning á notkun bæjarbúa á Amtsbókasafninu og starfsemin meiri alla mánuði ársins 2009 en nokkru sinni áður.

Á Héraðsskjalasafninu var aðsókn svipuð og árið á undan en um 694 heimsóttu safnið. Gestir fengu afnot af 2.364 skjalanúmerum. Safnið tók þátt í 5 sýningum og var m.a. sett upp ættfræðihorn í Ketilhúsinu í tengslum við sýningu á verkum norska málarans Kaare Espolin sem á ættir að rekja að Espihóli í Eyjafjarðarsveit.

Á árinu var lokið endurbótum á Gudmands Minde eða Gamla spítalanum og í kjölfarið var undirritud viljayfirlýsing milli Akureyrarstofu, Norðurlandsdeildar Félags hjúkrunarfræðinga og Læknafélags Akureyrar um framtíðarstarfsemi í húsinu. Þá afhentu stúkumenn á Akureyri bænum Friðbjarnarhús til eignar og umsjónar og Hríseyingar með Ásgeir Halldórsson í broddi fylkingar afhentu Akureyrarbæ Syðstabæjarhúsið eða hús Hárkarla Jörundar eins og það er stundum kallað.

Á sumardaginn fyrsta var að venju tilkynnt um viðurkenningar stjórnar Akureyrarstofu. Myndlistarkonan Guðný Kristsmannsdóttir og tónlistarmaðurinn Björn Þórarinsson hlutu starfslaun listamanna, Friðbjarnarhús fékk viðurkenningu Húsverndarsjóðs og verslunin Penninn -Eymundsson í Hafnarstræti fékk Byggingarlistarverðlaun Akureyrar fyrir vel heppnaðar breytingar á eldra húsnæði. Sigður Heiðar Jónsson fékk viðurkenningu Menningarsjóðs fyrir mikilvægt framlag til menningarmála í bænum.

Listasumar var haldið í 17. sinn en það er fóstrað af Menningarmiðstöðinni í Listagili. Þar var blómleg starfsemi, í Ketilhúsinu og Deiglunni voru haldnir samtals 126 viðburðir og voru gestir á listræna viðburði áætlaðir 8.430. Listasumri lauk að venju með glæsilegri Akureyrarvöku í lok ágúst en hún er haldin þann laugardag sem næst liggur afmæli Akureyrar.

Listsafnið á Akureyri stóð fyrir 6 sýningum á árinu. Almennir gestir voru 25.896 talsins og nemendur í safnafræðslu 1.230. Vinsælasta sýningin var Kreppumálararnir sem var sumarsýning safnsins og þar á eftir sýningin Hvítir Skuggar þar sem sýnd voru verk leirlistakonunnar og bæjarlistamannsins Margrétar Jónsdóttur.

Starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands gekk vel þrátt fyrir að bregðast hafi þurft við minnkandi tekjum. Hljómsveitin hélt 7 tónleika á árinu auk 11 skólatónleika í grunnskólum á Akureyri. Tónleikagestir voru um 1.300 á árinu fyrir utan skólatónleika og vinsælastir voru páskatónleikar hljómsveitarinnar þar sem leikin var Gloria Vivaldis auk fleiri verka.

Árið var það annað aðsóknarmesta í sögu Minjasafnsins á Akureyri. Heildarfjöldi gesta var 30.919 sem var aukning frá árinu áður þegar þeir voru 28.719. Gestir í Minjasafninu sjálfu voru 16.332, í Laufás komu 14.587 og í Nonnahús 5.775. Viðburðahald af margvíslegum toga skipar sífellt stærri sess í starfsemi safnsins og hlutfall gesta sem sækir viðburði eykst stöðugt. Þannig fjölgaði börnum sem heimsóttu safnið um 74% á milli ára og er það rakið fyrst og fremst til sýningarinnar „Allir krakkar, allir krakkar – líf og leikir barna".

Starfsemi Leikfélags Akureyrar gekk vel á leikárinu 2008-2009. Félagið stóð fyrir 16 sýningum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðra. Gestafjöldi var um 34.000 talsins og fjölsóttasta sýningin var Fúlar á Móti sem laðaði til sín ríflega 16.000 gesti.

Búsetudeild

Þjónustu búsetudeildar er ætlað að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar eru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, frekari liðveisla, búsetuþjónusta við fatlaða á sambýlum og í þjónustukjörnum, skammtímavistun fatlaðra, dagþjónusta og félagsstarf eldri borgara, ráðgjöf iðjuþjálfa og heilsueflandi heimsóknir til aldraðra. Stærstu notendahóparnir eru eldri borgarar og fatlað fólk. Auk þess að veita íbúum Akureyrar þjónustu, sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum þar að lútandi.

Félagsleg heimaþjónusta eykst í takt við þá stefnu að sem flestir geti búið á eigin heimili í stað þess að vistast á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Aðhaldsaðgerðir í heilbrigðiskerfinu hafa þau áhrif að fólk er fyrr sent heim af sjúkrahúsum en áður og þarf þar af leiðandi meiri aðstoð, t.d. heimaþjónustu og heimahjúkrun. Þjónustan skiptist nú í tvo hluta: Heimaþjónustu A og Heimaþjónustu B. Heimaþjónusta A sinnir þeim sem þurfa allt að 10 klst. aðstoð á viku og alls fengu um 590 heimili slíka þjónustu í árslok. Heimaþjónusta B sér um þjónustu við þá sem þurfa meira en 10 klst. þjónustu á viku eða þurfa eingöngu þjónustu utan dagvinnutíma en í árslok fengu 33 einstaklingar slíka þjónustu. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Þann 1. ágúst tóku gildi nýjar reglur um heimaþjónustu sem eru mun ítarlegri en fyrri reglur og hafa verklagsreglur verið fléttaðar inn í reglurnar í þeim tilgangi að verklag og forgangsröðun verði skýrari fyrir umsækjendur. Einnig voru gerðar breytingar á gjaldi og uppbyggingu gjaldskrár. Tekjutenging er að mestu afnumin en eftir sem áður eru þeir undanþegnir gjaldi sem eingöngu hafa tekjur frá TR eða sambærilegar tekjur. Þeir sem hafa verið undanþegnir gjaldi fram að breytingu þurfa ekki að sækja um niðurfellingu sérstaklega en gert er ráð fyrir að kallað verði eftir upplýsingum um tekjur árlega. Fyrir alla aðra hækkar gjaldið í 1000 kr. fyrir hvern unninn tíma og er um eitt gjald að ræða. Hins vegar er einungis innheimt fyrir aðstoð við heimilisverk og aldrei fyrir meira en tvo tíma á viku en var áður fyrir allt að 10 tíma á viku. Þannig hækkar gjald þeirra sem einungis þurfa litla þjónustu við almenn heimilisverk en gjald þeirra sem þurfa umfangsmikla aðstoð við eigin umsjá lækkar. Undanþága frá gjaldi gildir hvorki fyrir heimsendingu matar né akstur.

Félagsleg liðveisla er ætluð fötluðum sem þurfa félagslega aðstoð við að rjúfa einangrun. Markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar- og félagslífs. Alls fengu um 100 einstaklingar liðveislu á árinu um lengri eða skemmri tíma, 60 fullorðnir og 40 börn. Yfirleitt fær hver notandi 10-16 tíma þjónustu á mánuði. Aukin spurn var eftir félagslegri liðveislu á árinu. Mun auðveldara var að fá fólk til starfa við liðveislu en oft áður en starfsmenn eru allir tímaráðnir.

Búsetuþjónusta fyrir fatlaða sem búa í þjónustuíbúðum eða sambýlum var í nokkuð föstum skorðum á árinu. Alls nutu 68 einstaklingar slíkrar þjónustu á árinu, þar af átta í áfangaheimili fyrir fólk sem hefur átt við geðraskanir að stríða. Búsetuþjónustan snýst um að aðstoða fatlað fólk við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Unnið er að því að útvega öllum íbúum viðunandi einkarými en ekkert þokaðist í þá átt á árinu 2009 og í árslok bjuggu 28 íbúar í svokölluðum herbergjasambýlum þar sem eina einkarými íbúanna er svefnherbergið, öðrum hlutum íbúðarinnar deila þeir með öðrum. Biðlistar eftir búsetu lengdust á árinu. Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem ekki óska eftir búsetu strax og/eða eru þegar í búsetu voru 20 einstaklingar á virkum biðlista í árslok. Sá gleðilegi áfangi náðist á árinu að áfangaheimili fyrir geðfatlaða flutti úr Álfabyggð 4 í nýtt húsnæði í eigu Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands, að Hamratúni 2. Þar eru 6 íbúðir, ein þeirra er nýtt sem þjónustuaðstaða.

Skammtímavistun fatlaðra er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðna með fötlun sem enn búa í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja allt að viku í senn. Boðið er upp á neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni og var þessi þáttur þjónustunnar fremur fyrirferðarmikill á árinu. 25 einstaklingar fengu skammtímavistun á árinu, þar af 13 börn og 12 fullorðnir.

Félags- og þjónustumiðstöðvar aldraðra eru í Víðilundi 22 og Bugðusíðu 1. Félagsstarfið er ætlað 60 ára og eldri og er starfsemin afar fjölbreytt og í stöðugri mótun. Í lok árs 2008 var ráðist í heilmikið kynningarátak á starfsemi félagsmiðstöðvanna. Í kjölfarið jókst aðsókn umtalsvert og sáust þess merki allt árið 2009. Nánast í hverri viku kom nýtt fólk til að kynna sér starfsemina og finna sér verkefni til að taka þátt í. Í Víðilundi var tekið í notkun allstórt rými í svokölluðum suðurkjallara sem áður var notað undir geymslu. Þar var m.a. bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða upp á olíumálunarnámskeið við slíkar vinsældir að færri komust að en vildu.

Dagþjónusta fyrir aldraða í Víðilundi getur tekið á móti 16 gestum í senn. Dagþjónustan er stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Boðið er upp á flutningsþjónustu að og frá heimili notandans, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þróun undanfarinna ára er í þá átt að notendur eru að jafnaði eldri en áður og með minni líkamlega og andlega færni. Þjónustuna nýtti alls 61 einstaklingur á árinu, 48 konur og 13 karlar. Meðalaldur notenda var 82,7 ár.

Heilsueflandi heimsóknir er þjónusta sem felst í því að öllum 75 ára og eldri, sem búa heima og njóta ekki umfangsmikillar þjónustu, er boðin heimsókn heilbrigðisstarfsmanns einu sinni á ári auk þess sem starfsmenn hafa símatíma alla virka daga. Þjónustan er greidd af ríkinu gegnum samning um rekstur heilsugæslunnar og nær til alls upptökusvæðis Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Markmið heimsóknanna er að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði sem lengst, að stuðla að sjálfstrausti og auka öryggiskennd og að veita ráðgjöf og upplýsingar um ýmsar lausnir á algengum vandamálum og um þjónustu sem í boði er. Þjónustan er talin vera mikilvæg samskiptaleið milli íbúa og þjónustukerfisins. Á árinu var dregið úr starfseminni í kjölfar niðurskurðar á fjárveitingum ríkisins til HAK. Í árslok voru starfsmenn tveir í 1,3 stöðugildum en höfðu verið 3 í 2,0 stöðugildum í upphafi ársins.

Þjónusta deildarinnar stendur og fellur með starfsfólkinu sem veitir hana. Styrkur deildarinnar hefur lengi verið að hafa haft á að skipa starfsfólki með reynslu og áhuga á að gera sitt besta á degi hverjum. Óvenjulítið var um starfsmannabreytingar á árinu en mikil spurn eftir störfum. Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 266 talsins í 163,5 stöðugildum. Af þessum 266 voru 49 tímaráðnir til starfa í félagslegri liðveislu. Karlar voru 69 í 45,7 stöðugildum og konur 197 í 117,8 stöðugildum. Karlar eru þannig 26% starfsmanna í 28% stöðugilda og konur eru 74% starfsmanna í 72% stöðugilda.

Landssamtökin Geðhjálp, í samstarfi við Norræna lýðheilsuháskólann í Gautaborg og Norræna velferðarráðið, efndu til norrænnar ráðstefnu með alþjóðalegu ívafi á Akureyri í maímánuði. Í fyrsta sinn voru leiddir saman á einni geðheilbrigðisráðstefnu rannsakendur, þjónustuveitendur, notendur og aðstandendur. Þema ráðstefnunnar var ný sjónarhorn á geðheilbrigðisþjónustu og bestu leiðirnar sem þekktar eru. Geðhjálp og systrasamtök á Norðurlöndum völdu þau sveitarfélög sem skara fram úr í þjónustu við geðsjúka og varð Akureyri fyrir valinu á Íslandi. Útnefningin er ánægjuleg viðurkenning á því uppbyggingar- og þróunarstarfi sem unnið hefur verið á Akureyri á þessum vettvangi. Nokkrir starfsmenn og notendur búsetudeildar tóku þátt í ráðstefnunni og kynntu þjónustu bæjarins við geðsjúka og hvernig unnið hefur verið að því að ná árangri með samvinnu. Á ráðstefnunni var áhersla lögð á forvarnarverkefni varðandi börn og unglinga, fjölskyldustuðning og meðferðarleiðir.

Fasteignir Akureyrarbæjar

Fasteignir Akureyrarbæjar voru stofnaðar í mars 2001. Félagið hóf formlega starfsemi 1. janúar 2002 og er því að hefja sitt níunda starfsár. Allar fasteignir í eigu Akureyrarbæjar voru á þessum tímamótum færðar á einn stað og byrjað að reikna húsaleigu sem sýnir raunkostnað við eignarhald og rekstur eigna til lengri tíma litið. Kostnaður við hverja fasteign er gjaldfærður hjá þeim sem notar eignina.

Hjá Fasteignum eru í umsýslu um 100 fasteignir, stórar sem smáar og þeim til viðbótar eru 266 leiguíbúðir. Heildarflatarmál fasteigna er um 114.000 m^2 auk leiguíbúða sem eru um 26.000 m^2 eða samtals um 140.000 m^2. Brunabótamat fasteigna í umsýslu FA var um áramót 23,4 milljarðar króna og fyrir leiguíbúðir 4,4 milljarðar kr., samtals rúmir 27,5 milljarðar króna.

Frá stofnun FA til ársins 2006 hefur eignfærð fjárfesting numið um 1 milljarði í nýbyggingum á ári hverju á verðlagi hver árs. Á árinu 2007 hækkaði sú tala í um 1,2 milljarða og á árunum 2008 og 2009 var framkvæmt fyrir um 2 milljarða hvort ár. Taflan sýnir eignfærða fjárfestingu eftir málaflokkum færða til verðlags í nóvember 2009.

Framkvæmdayfirlit fært til verðlags í nóvember 2009

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	samtals	Hlutfall
Fræðslu- og uppeldismál	561	665	1.047	841	513	303	384	590	56	4.961	34,7%
Félagsþjónusta aldraðra	6	1	116	188	295	76	28	0	80	780	5,5%
Íþrótta- og tómstundamál	920	426	256	93	139	395	1.013	926	310	4.479	31.3%
Menningarmál	308	552	246	78	73	325	837	497	916	3.831	26,8%
Aðrar eignir	46	39	72	23	26	24	0	0	0	229	1,6%
Samtals milljónir króna	**1.841**	**1.682**	**1.737**	**1.222**	**1.046**	**1.123**	**2.263**	**2.014**	**1.362**	**14.291**	**1,00**

Skipting á eignfærðri fjárfestingu niður á málaflokka 2002-10



Naustaskóli

Í byrjun árs 2006 hófst undirbúningur að byggingu grunnskóla við Hólmatún í Naustahverfi. Fengnir voru til samstarfs fulltrúar ýmissa hópa úr samfélaginu í nokkurs konar hugarflugsvinnu og skyldi vinnuhópurinn leitast við að tengja saman í eina heild skipulag skólastarfsins, hönnun byggingarinnar og þátttöku grenndarsamfélagsins í námi og starfi nemenda. Niðurstaða hópsins var að við hönnun skólans skyldi stýðjast við aðferð sem miðar að svokölluðu einstaklingsmiðuðu námi.

Í hönnun var gert ráð fyrir að skólinn þjónaði sem hverfismiðstöð og tæki vel á móti öllum þeim sem þangað koma. Áhersla var lögð á að byggingin yrði þannig að öllum fyndust þeir velkomnir þar, auðvelt væri að rata um skólann og að hann yrði einskonar hverfismiðstöð Naustahverfis. Skólinn skiptist í sex rými, þrjú heimasvæði, stjórnunarálmu, miðrými og íþróttasal. Byggingin er öll björt og opin, gluggar eru frá heimasvæðum að miðrými. Áhersla var lögð á að vanda hljóðvist eins og kostur væri þar sem stórir hópar koma saman á hverju heimasvæði.

Fyrsti áfangi Naustaskóla var boðinn út á vordögum 2008 og tekinn í notkun á árinu 2009. Heildarstærð skólans verður um 6.200 m^2 þegar byggingin verður fullbyggð. Sá áfangi sem tekinn var í notkun í ágúst 2009 er um 2.300 m^2. Hluti húsnæðisins er nýttur með leikskólanum Naustatjörn.

Íþróttamiðstöð Giljaskóla

Á árinu 2004 gerðu Akureyrarbær og Fimleikaráð Akureyrar samkomulag um uppbyggingu á aðstöðu fyrir fimleika. Niðurstaðan varð sú að byggja saman fimleika- og íþróttahús við Giljaskóla. Markmiðið með framkvæmdinni var að byggja upp aðstöðu fyrir Fimleikafélag Akureyrar, aðstöðu fyrir leikfimikennslu og samkomuhald í Giljaskóla og heita laug fyrir sérdeild skólans.

Hafist var handa við hönnun árið 2007 og á vordögum 2008 voru framkvæmdir við byggingunа boðnar út. Í júní sama ár var fyrsta skóflustungan að húsinu tekin. Vegna aðstæðna á fjármálamarkaði sagði verktaki sig frá verkinu í júní 2009. Verkið var boðið út að nýju á haustdögum 2009 og framkvæmdatími lengdur um 1 ár. Húsið er norðan Giljaskóla og er innangengt um neðanjarðartengigang milli húsanna. Salurinn er tvískiptur, skiptist í íþróttasal annars vegar og hins vegar fimleikasal sem búinn verður tækjum af fullkomnustu gerð sem gerist hér á Íslandi. Heildarstærð byggingarinnar verður 2.674 m^2, fimleikasalurinn er um 1088 m^2 og íþróttasalurinn er 594 m^2. Áætlað er að húsið verði tilbúið til notkunar um mitt ár 2010.

Þórssvæðið

Þann 10. september 2007 var undirritaður uppbyggingar- og framkvæmdasamningur milli Akureyrarbæjar og íþróttafélagsins Þórs á Akureyri. Samningurinn tók til uppbyggingar og endurbóta á svæði félagsins við Skarðshlíð á Akureyri.

Markmið samningsins voru að byggja áhorfendastúku, frjálsíþróttavöll, keppnisvöll fyrir knattspyrnu, nýjan æfingavöll fyrir knattspyrnu og gera ýmsar aðrar endurbætur á svæðinu. Í samningnum kom fram að mannvirkið skyldi uppfylla kröfur KSÍ og staðla um frjálsar íþróttir. Einnig var markmið að skapa góða umgjörð um landsmót UMFÍ á árinu 2009 og skyldi framkvæmdum lokið fyrir þann tíma. Uppbygging var unnin í samvinnu við íþróttafélagið Þór og UFA. Keppnisvöllurinn er 105x68 eða 7.140 m^2 og umhverfis hann liggja 8 hlaupabrautir. Áhorfendastúkan rúmar um 1.000 manns í sæti og uppfyllir kröfur leyfishandbókar KSÍ. Tvær hlaupabrautir eru með snjóbræðslu og yllagnir eru undir grasi á keppnisvelli til að lengja þann tíma sem hægt er að nýta völlinn. Á árinu var unnið að framkvæmdum við aðalvöll og byggingu stúku og svæðið var tilbúið fyrir Landsmót UMFÍ í júlí 2009. Þakvirki stúkunnar verður sett upp síðar.

Markmiðið með framkvæmdum á Þórssvæði var að skapa góða framtíðaraðstöðu fyrir íþróttafélagið Þór í knattspyrnu og fyrir Ungmennafélag Akureyrar í frjálsum íþróttum. Með tilkomu þessa íþróttarleikvangs verður aðstaða til íþróttaiðkunar á Akureyri orðin með því allra besta sem þekkist á Íslandi.

Hof menningarhús

Meginmarkmið með byggingu Hofs menningarhúss er að skapa verðugan ramma um menningar- og tónlistarlíf á Norðurlandi ásamt stað fyrir upplýsingamiðstöð, veitingahús, ráðstefnur og sýningar. Byggingin er kennileiti í bænum og mun hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Menningarhúsið er á áberandi stað á fyllingu á mótum Strandgötu og Glerárgötu. Byggingin er að formi hringur og í gegnum hann er hamrað sem skiptir húsinu í tvennt, aðalsalurinn að austan og fjölnota salur og upplýsingamiðstöð að vestan. Tónlistarskólinn á Akureyri hefur aðsetur á þriðju hæð hússins. Aðalsalurinn er með sæti fyrir um 500 áhorfendur en hann á að nýta fyrir tónlist, leiklist og ráðstefnur. Minni salurinn, sem nýttur verður m.a. af Tónlistaskólanum fyrir ýmsar uppákomur og sýningar, rúmar um 220 manns. Auk þessa er í húsinu forsalur, veitingahús, upplýsingamiðstöð og aðsetur Akureyrarstofu. Heildarstærð byggingarinnar verður 7413 m^2 og er áætlað að ljúka við byggingu hússins sumarið 2010. Þær breytingar sem hafa orðið í íslensku samfélagi urðu til þess að húsgögn og stólar í aðalsal menningarhússins voru hönnuð og smíðuð af íslenskum aðilum.

Samkeppni um hönnun hússins var haldin á árinu 2003 en jarðvegsframkvæmdir og framkvæmdir við fyllingu hófust haustið 2005. Á árinu 2009 var haldið áfram með vinnu innanhúss og hafist handa við lóð. Áætlað er að taka húsið í notkun í ágúst 2010.

Starfsbraut VMA

Á árinu 2009 var boðin út viðbygging fyrir starfsbraut við Verkmenntaskólann á Akureyri. Um er að ræða stækkun á áfanga 7 (vestustu álmunni) til suðurs. Heildargólfflötur viðbyggingarinnar er 382,3 m^2 brúttó. Húsið er á einni hæð, steinsteypt með burstaþaki í samræmi við fyrri áfanga. Verklok eru áætluð í júlí 2010.

Gudmands Minde

Á árinu lauk endurbótum á húsinu við Aðalstræti 14 á Akureyri en þær framkvæmdir hafa staðið yfir með hléum síðan Akureyrarbær keypti húsið árið 1995. Aðalstræti 14, eða Gudmands Minde eins og það er kallað, á sér merka sögu. Það var byggt árið 1835 og er eitt af elstu tvílyftu íbúðarhúsum á landinu. Húsið er friðað og voru endurbætur unnar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til slíkra húsa.

Viðhaldsverkefni

Á árinu var haldið áfram við endurnýjun og úrbætur á deildum í Hlíð. Að þessu sinni var farið í að bæta aðstöðu og umhverfi í Víðihlíð. Markmiðið með endurbótum þessum var að gera aðstæður heimilislegri og betri fyrir heimilismenn og starfsmenn.

Önnur stór viðhaldsverkefni voru við þakkanta á Glerárskóla, loftræstikerfi og ofnakerfi í Lundarskóla, lóðir Giljaskóla, Krógabóls og Kiðagils. Þá má nefna útveggi og glugga í gömlu Gróðrarstöðinni þar sem Skógrækt ríkisins og Norðurlandsskógar hafa nú aðsetur og einnig var unnið við lóð og viðbyggingu á Sigurhæðum.

Nokkrar fasteignir í Grímsey bættust í eignasafn Fasteigna Akureyrarbæjar á árinu við sameiningu sveitarfélaganna og var haldið áfram að fylgja málum eftir sem Grímseyingar voru byrjaðir á. Í Sundlaug Grímseyjar var haldið áfram með gluggaskipti, sundlaugarkerið málað og sett stýring á loftræstikerfið. Áður höfðu Grímseyingar byggt við húsið og sett heitan pott sem gerbreytti allri aðstöðu og nýtingu á húsnæðinu. Búið er að kaupa yfirbreiðslu á bæði pott og sundlaug og með bættri loftræstingu ásamt yfirbreiðslum verður ástand eignarinnar orðið mjög gott.

Fjármála- og hagþjónusta

Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2009 var samþykkt í bæjarstjórn 20. janúar 2009 og áætlunin var endurskoðuð 6. október 2009.

Rekstur A- og B-hluta gekk mjög vel og mun betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Sjóðsstreymi var einnig mjög gott. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 1.799 millj. króna en um 1.165 millj. kr. eftir fjármagnsliði. Er það liðlega tveggja milljarða betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir en í áætlun samstæðunnar var hallinn áætlaður 899 millj. kr. Helstu ástæður fyrir betri rekstrarárangri eru í meginatriðum fjórar: hærri tekjur og lægri útgjöld en áætlun gerði ráð fyrir, auk þess lækkaði lífeyrisskuldbinding og hagnaður varð af sölu á hlutafé Norðurorku í Þeistareykjum ehf.

Rekstrartekjur Akureyrarbæjar á árinu námu 15.024 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 14.279 millj. kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 10.652 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 10.154 millj. kr. Rekstrargjöld sveitarfélagsins á árinu námu 13.226 millj. kr. en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 13.420 millj. kr. Rekstrargjöld A-hluta námu 9.781 millj. kr. miðað við 10.128 millj. kr. í fjárhagsáætlun. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 400 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 1.709 millj. kr. í fjármagnsgjöld. Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 1.165 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 899 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 166 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 985 millj. kr.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda hjá samstæðunni voru 6.438.503 þúsundir króna. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.515 sem er fækkun um 20 frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins voru 52,9% af rekstrartekjum þess. Annar rekstrarkostnaður var 30,1% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 412 þús. kr. á hvern íbúa en tekjur samtals 855 þús. kr. á hvern íbúa. Árið 2008 voru skatttekjurnar 383 þús.kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 798 þús. kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir bæjarins bókfærðar á 36.050 millj. kr., þar af eru veltufjármunir 4.301 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar

sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 23.520 millj. kr., þar af eru skammtímaskuldir 4.581 millj. kr. Veltufjárhlutfallið er 0,94 í árslok, en var 0,99 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 12.531 millj. kr. í árslok sem er 35% af heildarfjármagni. Árið áður var þetta hlutfall 17%.

Samkvæmt yfirliti um sjóðsstreymi nam veltufé frá rekstri 2.247 millj. kr. og handbært fé frá rekstri 2.297 millj. kr. Fjárfestingahreyfingar námu samtals 2.294 millj. kr. en fjárfesting varanlegra rekstrarfjármuna nam 2.192 millj. kr. Fjármögnunarhreyfingar námu 1.262 millj. kr. Afborgun langtímalána nam 2.553 millj. kr. en ný langtímalán námu 1.653 millj. kr. Lækkun á handbæru fé á árinu nam 1.258 millj. kr. og nam handbært fé sveitarfélagsins í árslok 2.219 millj. kr.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðunni: www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplysingar/

Húsnæðisdeild

Húsnæðisdeild sér um úthlutun leiguíbúða, greiðslu húsaleigubóta og upplýsingagjöf sem tengist húsnæðismálum.

Í árslok 2009 voru 264 leiguíbúðir í eigu Akureyrarbæjar. Keyptar voru 3 íbúðir á Akureyri auk þess sem 3 íbúðir í Grímsey bættust við fjölda leiguíbúða þegar Akureyrarbær og Grímseyjarhreppur sameinuðust. Á árinu 2009 bárust 124 umsóknir um leiguíbúðir hjá Akureyrarbæ en umsóknir voru 123 á árinu 2008. Samþykktar umsóknir á árinu voru 91 en 30 var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki settar reglur eða umbeðin gögn bárust ekki. Þrjár umsóknir eru í vinnslu.

Á biðlista eftir leiguíbúð voru 73 aðilar í lok árs 2009 en auk þess höfðu 13 leigjendur óskað eftir flutningi innan kerfisins. Þann 1. október 2009 rann út kaupskylda bæjarins á síðustu íbúðunum úr gamla félagslega kerfinu.

Almennar húsaleigubætur

Almennar húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið þeirra er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar húsaleigubætur námu 200,8 milljónum á árinu 2009 á móti 155,2 milljónum árið 2008 og er það 29,4% aukning á milli ára.

Bótaþegar voru 892 í lok árs 2009 en 785 árið 2008 en það er 13,6% aukning á milli ára. Heildarfjöldi þeirra sem húsaleigubætur fengu á árinu var 1.186.

Á árinu 2009 voru teknar upp greiðslur á sérstökum húsaleigubótum en þær koma til viðbótar almennum húsleigubótum. Frá 1. júlí voru greiddar 2.887.000 kr. til 63 einstaklinga. Meðaltal bótaupphæðar er tæpar 13.000 kr. á mánuði.

Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð í árslok 2009 var sem hér segir:

Almennar húsaleigubætur

Atvinnustaða	Gift/samb. Með börn	Gift/samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	40	11	128	61	35	275
Atvinnulaus	9	3	31	3	15	61
Öryrkjar	11	9	37	61	116	234
Ellilífeyrisþegar	0	8	0	25	21	54
Heimavinnandi	5	0	3	0	0	8
Nemar	14	27	45	94	80	260
Samtals	**79**	**58**	**244**	**244**	**267**	**892**

Fjölskyldudeild

Starfsemi fjölskyldudeildar var hefðbundin á árinu. Stöðugleiki var í starfsmannahópnum. Áfram var haldið á þeirri braut að þétta þjónustu deildarinnar í þverfaglegri vinnu þvert á málaflokka innan deildar og með aukinni samþættingu verkefna þvert á stofnanir.

Fjölskyldudeild hefur tekið virkan þátt í verkefninu PMT-foreldrafærni og SMT-skólafærni. Á árinu voru 3 starfsmenn í meðferðarnámi sem gekk vel og mikil og jákvæð viðbrögð voru við þeirri meðferðarvinnu sem fram fór.

Á árinu var hleypt af stokkunum nýju og áhugaverðu úrræði fyrir unglinga í vanda og fjölskyldur þeirra í samstarfi Akureyrarbæjar og Barnaverndarstofu. Tildrög þessa úrræðis voru þau að barnaverndarnefnd Eyjafjarðar vakti haustið 2008 athygli félagsmálaráðuneytisins og Barnaverndarstofu á því að sérhæft meðferðarúrræði fyrir unglinga í hegðunarerfiðleikum og fjölskyldur þeirra, án stofnanavistar, væri ekki fyrir hendi á Eyjafjarðarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu var nýtt og metnaðarfullt verkefni – fjölkerfameðferð – farið af stað sem ekki var aðgengilegt fyrir aðra og fannst Norðlendingum nauðsynlegt að hafa aðgang að sambærilegu úrræði. Undibúningsvinna fór í gang og á 100. fundi barnaverndarnefndar Eyjafjarðar þann 22. apríl 2009 undirrituðu bæjarstjórinn á Akureyri og forstjóri Barnaverndarstofu svo samning þar sem staðfest var að stofan myndi leggja fram fé til að reka slíkt úrræði til tveggja ára en bærinn réði starfsfólk til verkefnisins og útvegaði því starfsaðstöðu. Skyldi barnaverndarnefnd vísa í úrræðið unglingum og fjölskyldum þeirra þar sem umtalsverður hegðunar- og aðlögunarvandi væri fyrir hendi. Til verkefnisins voru ráðnir tveir félagsráðgjafar með þjálfun í PMT-meðferð og ráðgjöf, báðir í hálft starf. Hófu þeir störf í byrjun september og var verkefnið komið á fullan skrið um áramót.

Ef tölur yfir starfsemi fjölskyldudeildar eru skoðaðar kemur í ljós að umfang hefur aukist á sumum sviðum en á öðrum er það svipað og var árið áður. Heildarfjöldi þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð var 365, sami fjöldi og 2008. Ef litið er til samsetningar hópsins m.t.t. fjölskyldustöðu, atvinnustöðu, aldurs og kyns er ekki um miklar breytingar að ræða. Yngstu aldurshóparnir eru áberandi eins og 2008, 47 einstaklingar voru 20 ára og yngri og 61 einstaklingur á aldrinum 21-25 ára sem er fjölgun um 12 einstaklinga samtals úr báðum hópum. Fjölgun var á árinu í Fjölsmiðjunni og greiðslur frá fjölskyldudeild til hennar hafa verið að aukast og voru u.þ.b. 12% af heildarupphæð fjárhagsaðstoðar deildarinnar. Í árslok var greitt þangað vegna 13 einstaklinga. Einstæðir foreldrar eru stærsti hópur þeirra sem fá fjárhagsaðstoð en einhleypt fólk, bæði karlar og konur, er nú nánast jafn stór hópur.

Á skólaárinu 2008-2009 var fjöldi mála tengdur nemendum sambærilegur við árið áður. Á þjónustusviðinu voru 2.980 börn í 13 grunnskólum en 1.192 börn í 18 leikskólum. Unnið var í 430 málum grunnskólabarna og 152 málum leikskólabarna.

Tilkynningum til barnaverndarnefndar Eyjafjarðar hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár og eru þær nú tvöfalt fleiri en árið 2005. Árið 2009 voru þær alls 413 og hafði fjölgað um 84 frá fyrra ári. Tilkynningarnar vörðuðu alls 248 börn á móti 210 árið áður. Í heildina voru málefni 306 barna til meðferðar hjá barnavernd á árinu en fjöldi fjölskyldna sem við sögu kom var 240. Hér er ekki um fjölgun að ræða frá 2008 en þá hafði átt sér stað veruleg fjölgun frá fyrra ári.

Oftast var tilkynnt um áhættuhegðun barns eða í 184 tilvikum en í 147 tilvikum var tilkynnt um vanrækslu barns. Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu eða 191 sem var mikil fjölgun frá árinu áður þegar þær voru 126. Á árinu fór einn unglingur á vegum barnaverndarnefndar til greiningar og meðferðar á Stuðla, einn unglingur var tvisvar vistaður í skammtímavistun á Stuðlum, þrír fóru til meðferðar í Götusmiðjuna og tveir á annað meðferðarheimili. Er hér um verulega fækkun að ræða frá síðasta ári í öllum tilvikum en þá fóru samtals 16 unglingar á vegum nefndarinnar í ofangreind úrræði. Á árinu voru 23 börn í fóstri eða vistun á einkaheimili á vegum nefndarinnar, þar af 8 í varanlegu fóstri. Ekki reyndist á árinu þörf á að grípa til þvingunarúrræða skv. barnaverndarlögum.

Atvinnumál fatlaðra eru hluti af starfsemi deildarinnar. Um er að ræða atvinnu með stuðningi (ams), Hæfingarstöð og Plastiðjuna Bjarg/Iðjulund (PBI). Þessar einingar vinna vel saman og með félagsþjónustunni. Starfsemin var hefðbundin, 53 einstaklingar fengu þjónustu á Hæfingarstöð og 27 einstaklingur fóru í vinnu á almennan vinnumarkað með aðstoð ams. Á árinu voru gerðir 28 nýir vinnusamningar öryrkja, í heildina voru 80 samningar í gildi á árinu. Í lok árs 2009 voru 22 einstaklingar á biðlista eftir atvinnu.

PBI er starfsendurhæfingar- og starfsþjálfunarstaður auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlaða í ótímabundinni ráðningu. Í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun voru alls 35 sem var fækkun um 10 einstaklinga frá 2008. Í ótímabundinni ráðningu voru alls 32 einstaklingar. PBI fór ekki varhluta af kreppunni árið 2009. Í kjölfar minnkandi verkefna á árinu var farin sú leið að minnka starfshlutfall flestra í starfsendurhæfingu og ótímabundinni ráðningu.

Leitað var nýrra verkefna sem hæfðu PBI og höfðu ekki í för með sér mikinn tilkostnað. Markaður er fyrir tuskur til notkunar á verkstæðum og í skipum. Þarna er um að ræða endurnýtingu á rúmfötum, handklæðum o.þ.h. Í nóvember gáfu Samherji og Slippurinn vél til að pressa tuskubagga. Hráefni sem annars væri sennilega hent er nýtt í tuskubaggana.

Önnur þjónusta í málaflokki fatlaðra var hefðbundin. Ráðgjöf til fullorðinna fatlaðra í sjálfstæðri búsetu er umfangsmikil og vandasöm og hefur verið að aukast, 33 börn höfðu stuðningsfjölskyldu og lagt var mat á 65 umsóknir um umönnunarbætur.

Framkvæmdadeild

Helstu verkefni ársins 2009 vegna nýrra gatna voru þessi: Ný aðkoma að Krókeyri var gerð vegna byggingar Mótorhjólasafnsins. Í Naustahverfi var verkáfönguм IV og V lokið og bráðabirgðainnkeyrslum við Stekkjar- og Geislatún var lokað. Unnið var við lokafrágang á lengingu Norðurslóðar. Í Nesjahverfi var unnið að smáfrágangi við Óðinsnes og gatnamót Krossanesbrautar og Krossaness voru malbikuð. Gerð var gata í Krossanesi til að tengja lóð Becromal við gatnakerfið. Gerð var tenging frá Hlíðarfjallsvegi að nýrri lóð Bílaklúbbs Akureyrar.

Helsta verkefni við endurbyggingu gatna voru Eyrarlandsvegur, yfirborð og lagnir sem verður framhaldið á árinu 2010 auk annarra smærri verka.

Í malbikun var lokið við að malbika götu og gangstétt Fjólugötu. Aksturleið í gönugötu var lögð malbiki. Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna víðs vegar um bæinn byggð upp og malbikuð. Alls voru lagðir 6,3 km af stígum og gangstéttum. Akureyrarbær kom einnig að gerð gangstíga í Kirkjugarði Akureyrar. Einnig var lokið við reiðleiðir sunnan flugvallar og við Hlíðarfjallsveg og frágangi haldið áfram á reiðvelli við Reiðhöllina. Unnið er í samráði við Vegagerðina að tillögum að göngu- og hjólreiðastíg meðfram Drottningarbraut. Heildarkostnaður við þennan málaflokk var um 346 m.kr. Unnið var við viðhald á eldri götum bæjarins en fjárveiting vegna þessa málaflokks var hækkuð lítillega milli ára.

Áfram er unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málum er unnið í samvinnu við skólayfirvöld og nemendur. Gerð voru undirgöng undir Hörgárbraut við Skúta ásamt tengistígum. Aðkoma að MA var endurbætt og gerð ný gangbraut við skólann auk nokkurra nýrra gangbrauta víðsvegar um bæinn. Mikið var unnið við merkingar á 30 km hverfum því allar íbúðagötur bæjarins eru nú með 30 km hraðatakmörkum. Einnig var unnið að hraðamælingum í hverfum bæjarins og verða þær upplýsingar svo notaðar til að meta hvernig tekist hefur til með lækkun á hámarkshraða.

Í fráveitumálum má nefna að keypt var ný dælueining sem á að leysa af hólmi stöð við Skipatanga (Slippinn). Haldið var áfram með hönnun hreinsistöðvarinnar við Sandgerðisbót en í nýrri framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að hún verði tekin í notkun seinni hluta ársins 2013 og síðasta dælustöðin við Krossanes verði tekin í notkun árið eftir. Samhliða byggingu nýrra gatna hafa verið lagðar fráveitulagnir og þær tengdar núverandi fráveitukerfi. Heildarkostnaður við þennan málaflokk var um 45 m.kr.

Umhverfismál

Til umhverfismála var varið 160 milljónum króna í rekstur og framkvæmdir. Í umhverfismálum fólust framkvæmdir ársins 2009 meðal annars í að bæta möguleika fólks til útivistar ásamt hefðbundnum rekstri grænna svæða. Gerðir voru útivistarstígar í Kjarnaskógi og á tjaldsvæðinu að Hömrum og bætt var við bekkjum og rusladöllum víðs vegar um bæinn. Lokið var við stíg sem tengir þéttbýlið við fólkvanginn í Krossanesborgum ásamt ýmsum umhverfisfrágangi víðs vegar um bæinn. Tvö leiksvæði voru gerð á árinu. Annars vegar var endurgert leiksvæði við Eiðsvöll og hins vegar var gert nýtt leiksvæði við Kjarnagötu. Gróðursetningu í bæjarlandið var fram haldið. Um 3.000 trjá- og runnaplöntur voru gróðursettar og 43.000 sumarblóm

sem ræktuð voru í ræktunarstöð bæjarins. Áfram var unnið að endurheimt votlendis í Naustaborgum og fuglar taldir. Breyting var gerð á legu vegar að bifreiðastæði við útivistarsvæðið á Glerárdal ásamt uppgræðslu og landmótun á urðunarstaðnum þar. Í Hrísey var haldið áfram að hefta útbreiðslu skógarkerfils og lúpínu og er markmiðið að endurheimta fyrra gróðurlendi. Nokkrar aðferðir voru prófaðar og reyndust þær misjafnlega.

Rekstur opinna svæða var með hefðbundnu sniði og er allur grassláttur í höndum verktaka, alls um 90 ha. Í Lystigarðinum var gengið frá steinhæðinni vestast í garðinum og byrjað er að undirbúa 100 ára afmæli garðsins. Vinnuskólinn var rekinn með svipuðu sniði og undanfarin ár, þ.e. við fegrun og hirðingu en vinnutími 14-16 ára unglinga styttur.

Rekstur jarðeigna og dýraeftirlits var með hefðbundnum hætti en eftirlitið annast eftirlit og skráningu hunda, katta og annarra gæludýra. Það hefur umsjón með hundahreinsun í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra auk þess að annast eyðingu meindýra fyrir stofnanir Akureyrarkaupstaðar ef þess er óskað. Dýraeftirlitið annast ennfremur eftirlit og eyðingu á rottum, varpfuglu, ref og mink. Starfsemin var með hefðbundnum hætti þetta ár. Jarðeignir og búfjáreftirlit annast leigulönd bæjarins ásamt fjallsgirðingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Fimm sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu mynda búfjáreftirlitssvæði 18 og Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur umsjón og eftirlit með forðagæslu hjá þeim.

Slökkvilið Akureyrar

Upphaf hvers árs hjá liðinu einkennist af námskeiðum og endurmenntun liðsins. Allir starfsmenn fóru í gegnum ILS (Immediate Life Support) námskeið hjá Sjúkraflutningaskólanum og seinni hluti náms atvinnuslökkviliðsmanna hófst í febrúar. Kennt var í fjarkennslu og sátu sex liðsmenn námskeiðið. Þessir sex aðilar þurftu áður að sækja fyrri hlutann suður til Keflavíkur með tilheyrandi kostnaði og fjarveru. Þetta fjarkennslufyrirkomulag er í alla staði mun betra þar sem það dregur úr kostnaði og minnkar fjarveru manna frá fjölskyldum sínum.

Öflugur flutningsgámur undir búnað sem tengist mengunaróhöppum kom til liðsins í mars. Með komu hans varð mögulegt að koma fyrir á einum stað öllum þeim búnaði sem tengist þessum málaflokki. Gámaþjónusta Norðurlands mun flytja gáminn fyrir liðið hvort sem um er að ræða æfingar eða útköll.

Nokkrir alvarlegir brunar komu upp á árinu og þurfti liðið meðal annars að fara tvívegis á einum sólarhring til aðstoðar við slökkvilið Grýtubakkahrepps. Mikil hætta skapaðist þegar gassprenging varð í húsi við Hrafnabjörg, en reykkafarar liðsins fundu á þriðja tug gaskúta inni í brennandi húsinu.

Gengið var frá samningi um sjúkraflug við Sjúkratryggingar Íslands en Slökkvilið Akureyrar hefur séð um og sinnt sjúkraflugi undanfarin 12 ár. Fjöldi sjúkraflugferða hefur aukist ár frá ári þar til nú. Á þessum 12 árum hefur liðið farið í yfir 3.500 sjúkraflugferðir.

Miklar verðhækkanir á aðföngum og þjónustu og lækkun tekna til handa liðinu hafa haft áhrif á starfsemina. Á árinu var stöðugt leitað leiða til að halda kostnaði niðri, farið var yfir mönnun liðsins og verkefni þess með það að leiðarljósi að vernda störf liðsmanna en jafnframt hámarka nýtingu mannafla. Ákveðið var að færa verkefni sem unnin hafa verið í yfirvinnu utan vaktakerfis inn á vaktirnar. Til að mæta auknum verkefnum á vöktum var farið í breytingu skipulags innan liðsins. Breyting varð á stöðuheitum og færðust tveir dagvinnuyfirmenn inn í vaktarkerfið til að styrkja dagvaktirnar.

Eftir áramótin 2009-2010 var síðan farið að vinna eftir þessu fyrirkomulagi. Fyrstu mánuðirnir verða nýttir til að vakta virkni í breyttu fyrirkomulagi og aðlaga verkþætti til að hámarka nýtingu mannafla og vinnustunda.

	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári
Útköll Slökkviliðs Akureyrar	2.072	- 8,5%
Útköll dælubíla	158	27%
Útköll á sjúkrabílum	1.522	- 8%
Sjúkraflug	395	- 20%
Skoðanaskýrslur	105	
Umsagnir vegna daðforeldra	10	
Úttektir með byggingafulltrúa	15	
Umsagnir til sýslumanns v. leyfa	25	

Störf slökkviliðsmanna á Akureyrarflugvelli eru fjölþætt. Meginhlutverk þeirra er að bregðast við slysum og óhöppum við flugtak og lendingar. Í raun má þó segja að þeir sinni hvers konar slysum og óhöppum á flugvallarsvæðinu og í næsta nágrenni þess. Þar má telja auk flugtilvika, mengunarslys, vatnsdælingu og hvers konar neyðaraðstoð, t.d. vegna veikinda eða slysa. Að öllu jöfnu er sjúkrabíll staðsettur á flugvelli þegar tveir menn eru á vakt og nýtist bíllinn og búnaður hans við slys á svæðinu. Auk viðbragðs þá sinna slökkviliðsmenn á flugvelli fjölbreyttum verkefnum við viðhald og eftirlit. Auk daglegrar yfirferðar á tækjum og búnaði er ítarlega farið yfir allan búnað og virkni hans prófuð. Slökkviliðið sinnir einnig fjölþættu eftirliti á flugvellinum sjálfum þar sem m.a. er fylgst með öryggismálum og einnig því sem lýtur að flugvernd. Fylgst er með ástandi brauta og öryggissvæða, fugl er fældur frá svæðinu, fylgst er með ástandi brautarljósa og girðinga og því hvort hlið séu örugglega lokuð. Slökkviliðsmenn stjórna umferð inn og út af flugvallarsvæði.

Yfir vetrartímann senda slökkviliðsmenn skýrslur (snowtam) um ástand brauta til turns, þar sem m.a. eru mæld bremsuskilyrði á sérútbúnum bremsumælingabíl. Slökkviliðsmenn ræsa út starfsmenn Flugstoða til að hreinsa brautir fyrir flug á morgnana þegar þess þarf og á nóttunni ef þess er þörf t.d. vegna sjúkraflugs. Slökkviliðsmenn annast veðurgjöf fyrir flugvöllinn á klst. fresti á tímanum frá kl. 23-07 og öðrum tímum þegar turn óskar þess. Slökkviliðsmenn annast einnig lokun flugstöðvar eftir að flugi lýkur á kvöldin.

Strætisvagnar Akureyrar

Rekstur strætisvagna og ferlþjónustu fyrir fatlaða gekk nokkuð vel á árinu þrátt fyrir mikla hækkun á aðföngum og kostnaði. Brugðist var við því með því að fella niður helgarakstur tímabilið 1. maí til 31. ágúst.

Eftir að stærri vagnar voru keyptir auðveldar það hópum úr grunnskólum og leikskólum að nýta sér vagnana og síður þarf að setja inn aukavagn á álagstímum.

Farþegum SVA fjölgaði um 10% og voru um 480.000.

Hafinn var tilraunaakstur á lífdísil með einum vagni og gert ráð fyrir að allir bílar SVA og ferlþjónustu noti lífdísil í framtíðinni.

Í desember hófst vinna við breytingar á leiðakerfi SVA og endurskoðun á reglum ferlþjónustu sem þarf að laga að breyttum tímum.

Ferðir með ferlþjónustu voru um 55.000 árið 2009.

Strætisvagnar	Árið 2007	Árið 2008	Árið 2009
Farþegafjöldi	330.000	440.000	480.000
Eknir km.	275.000	260.000	256.000
Farþegar á km.	1.25	1.69	1.88
Fjöldi biðskýla	43	44	44

Heilsugæslustöðin

Akureyrarbær hefur í rúman áratug rekið Heilsugæslustöðina á Akureyri (HAK) samkvæmt þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið. Umdæmi HAK eru 8 sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal. Einnig eru íbúar hins forna Hálshrepps (hluti núverandi íbúa Þingeyjarsveitar) í umdæmi HAK. Hríseyingar tilheyra ennþá heilsugæsluumdæmi Dalvíkur. Íbúafjöldi í umdæmi HAK var 19.892 (Hrísey undanskilin) þann 1. des. 2009. Á svæði HAK hefur fækkað um 36 frá árinu áður en í heildina hefur íbúum fjölgað um 3% sl. fimm ár.

Reynslan af því að reka heilsugæslu og öldrunarþjónustu hjá Akureyrarbæ er mjög góð og þær vinnuaðferðir sem voru þróaðar hafa vakið mikla athygli og gengið undir nafninu „Akureyrarmódelið". Er með því vísað í samvinnu og samþættingu á sviði heilsugæslu-, félags-, öldrunar- og skólamála auk málefna fatlaðra og geðsjúkra svo eitthvað sé nefnt. Akureyrarmódelinu eru gerð góð skil í ársskýrslu Akureyrarbæjar árið 2007.

Heilsugæslan fór ekki varhluta af niðurskurði frekar en annar rekstur hins opinbera og var gert að spara um 5% á árinu. Það þýddi að skorið var niður í afleysingum og allar greiðslur til starfsmanna umfram kjarasamninga voru endurskoðaðar. Fyrir starfsfólk þýddi þetta aukið álag og lægri laun en reynt var eftir mætti að halda þjónustustiginu óbreyttu. Þessu til viðbótar fékk heilsugæslan það verkefni á haustmánuðum að bólusetja alla íbúa gegn svínainflúensu.

Nokkrir fróðleiksmolar úr starfseminni:

- 20.798 einstaklingar komu á heilsugæsluna árið 2009, 9.855 karlar og 10.943 konur.
- Á hverjum degi komu að meðaltali um 94 einstaklingar í viðtöl hjá heimilislæknum á heilsugæslustöðina á dagvinnutíma.
- Að meðaltali leituðu um 18 manns á hverjum sólarhring eftir neyðarþjónustu vaktlæknis eftir að dagvinnu lauk.
- Læknar sinntu 29.800 símtölum eða rúmlega 104 á dag alla virka daga. Að meðaltali voru afgreidd 9 símtöl daglega hjá hverjum og einum lækni.
- 6.250 manns voru bólusettir gegn svínainflúensu á haust- mánuðum og 2.177 gegn árstíðabundinni inflúensu. Að meðaltali voru 134 bólusettir á hverjum degi síðustu þrjá mánuði ársins.
- Hjúkrunarfræðingar í móttöku sinntu að meðaltali 52 símtölum á hverjum virkum degi.
- Að meðaltali komu 10 konur í mæðravernd á hverju degi.
- Langflestar konur í mæðravernd voru á aldrinum 20-39 ára, rúmlega 6% voru 15-19 ára og um 3% voru eldri en fertugar.
- 25 börn komu að meðaltali í ungbarnavernd á degi hverjum.
- Hjúkrunarfræðingar skoðuðu á árinu 187 börn í leikskólum bæjarins.
- Málefni 6½% kvenna í mæðravernd voru á árinu metin sem áhættumál skv. Nýja barns vinnulaginu og fengu sérstaka athygli og þjónustu í kjölfarið.
- 85 ungmenni komu í unglingamóttökuna á árinu, flest með áhyggjur af kynsjúkdómum.
- Á vorönn tóku skólahjúkrunarfræðingar 5.640 viðtöl við grunnskólabörn, þar af voru 4.430 skoðanir vegna skyndikoma.
- 441 einstaklingur fékk heimahjúkrun á árinu, 153 karlar og 288 konur. Í byrjun árs voru 102 einstaklingar sem höfðu litla þjónustu útskrifaðir og um 100 einstaklingar, flestir með mikla þjónustu, voru innskrifaðir í heimahjúkrun á árinu.
- Rúmlega 80% skjólstæðinga heimahjúkrunar eru eldri en 70 ára.
- Að meðaltali var farið í 72 vitjanir á hverjum degi í heimahjúkrun og 8 vitjanir á hverju kvöldi.

Íþróttadeild

Meginhlutverk íþróttadeildar Akureyrar er að annast yfirstjórn á rekstri og starfsmannahaldi málaflokksins sem og samskipti við félagasamtök innan og utan Akureyrar fyrir hönd bæjarfélagsins. Þá koma starfsmenn deildarinnar samþykktum íþróttaráðs og bæjarstjórnar í málefnum íþrótta á Akureyri til framkvæmda.

Rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar gekk vel á árinu og var nýting þeirra góð. Í Sundlaug Akureyrar voru haldin 3 stórmót í sundi en þau voru Bikarkeppni Íþróttasambands fatlaðra, Aldursmeistaramót Sundsambands Íslands og svo sundkeppni Landsmóts UMFÍ. Fjölskyldugarðurinn var endurgerður eftir þær framkvæmdir sem á svæðinu hafa verið undanfarin misseri og tæki yfirfarin og endurbætt.

Snjóalög voru okkur hliðholl í Hlíðarfjalli og var hægt að hafa skíðasvæði opið í rúma 150 daga á árinu sem er vel yfir meðaltali opnunardaga skíðasvæða í Evrópu sem er 120 til 130 dagar. Mörg stór mót voru haldin í Hlíðarfjalli en þar ber hæst Landsmót Skíðasambands Íslands og Andrésar Andarleikana. Heimsóknum hefur fjölgað mikið á undanförnum árum og þjónustuhúsnæðið í Hlíðarfjalli er löngu sprungið. En með góðu starfsfólki og þolinmóðum viðskiptavinum fór öll starfsemin á svæðinu mjög vel fram og er óhætt að segja að Hlíðarfjall sé okkur Akureyringum virkilega til sóma.

Landsmót Unngmennasambands Íslands fór fram á Akureyri dagana 9.-12. júlí á nýju og stórglæsilegu félagssvæði íþróttafélaganna Þórs og UFA. Mikill fjöldi keppenda og gesta heimsótti Akureyri vegna mótsins og óhætt er að segja að framkvæmd þess hafi tekist vel enda vandað vel til alls undirbúnings.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað innan deildarinnar á undanförnum árum og þrátt fyrir erfiðar aðstæður í efnahagslífinu hefur Akureyrarbæ tekist að ljúka stórum verkefnum á árinu. Ber þar helst að nefna glæsilega frjálsíþrótta- og knattspyrnuaðstöðu sem nú er komin á sameiginlegt félagssvæði Þórs og UFA. Mannvirkið er afar vel heppnað og á eftir að nýtast félögunum og öðrum Akureyringum vel á komandi árum.

Áfram var unnið að umfangsmiklum framkvæmdum á golfvelli Golfklúbbs Akureyrar á árinu en áætlað er að þeim ljúki árið 2014. Framkvæmdirnar verða gerðar í áföngum og eru þær miðaðar við að raska sem allra minnst hefðbundinni starfsemi og þjónustu golfklúbbsins. Er það sameiginlegt markmið klúbbsins og Akureyrarbæjar að völlurinn verði með þeim allra bestu á Íslandi er framkvæmdum lýkur.

Framkvæmdum var haldið áfram við Íþróttamiðstöðina við Giljaskóla en vegna sérstakra aðstæðna varð að hægja á framkvæmdum og fresta opnun þess til sumarsins 2010. Þá mun Fimleikafélag Akureyrar fá nýja og frábæra aðstöðu til æfinga og keppni en einnig er góður íþróttasalur í mannvirkinu sem nýtast mun til leikfimikennslu fyrir nemendur Giljaskóla.

Þá var farið í endurbætur á Akureyrarvelli en ákveðið hefur verið í samvinnu

við Knattspyrnufélag Akureyrar að félagið fái þann völl til notkunar og reksturs þar til umsömdum framkvæmdum á félagssvæði þeirra verður lokið.

Heimsóknir í íþróttamannvirki á Akureyri

Hlíðarfjall	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Heildarfjöldi gesta		36.262	43.766	52.512	79.682
Skíðaleigur fj. útleigu	1.365	1.824	3.749	3.915	4.910
Skíðaskóli fj. nemenda	950	1.311	1.500	1.739	2.070
Seld árskort/vetrarkort	985	751	980	1.171	2.895
Sundlaug Akureyrar	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Fjöldi gesta	335.198	343.222	323.752	330.400	332.500

Samfélags- og mannréttindadeild

Hlutverk samfélags- og mannréttindadeildar er umsjón og rekstur félags- og tómstundamiðstöðva á vegum bæjarins og samskipti við félög sem starfa á því sviði, forvarnamál, starfsemi Menntasmiðju kvenna og unga fólks, málefni nýbúa, umsjón fjölskyldustefnu, jafnréttismál og önnur mannréttindamál sem ekki eru sérstaklega falin öðrum deildum bæjarins. Meginhluti starfsemi deildarinnar er til húsa í Rósenborg - möguleikamiðstöð.

Á vegum samfélags- og mannréttindadeildar eru reknar fjórar félagsmiðstöðvar fyrir unglinga á grunnskólaaldri. Í starfi félagsmiðstöðvanna er m.a. boðið upp á klúbbastarf af ýmsu tagi þar sem lögð er áhersla á sjálfsskoðun, félagsþroska og uppbyggilega samveru. Á vegum félagsmiðstöðvanna fór fram hönnunarkeppnin Furðuverk auk þess sem unglingarnir tóku þátt í stuttmyndakeppninni Stulla, söngkeppni félagsmiðstöðva, brettamóti og spurningakeppni svo eitthvað sé nefnt. Félagsmiðstöðvar eru opnar í níu mánuði á ári og voru skráðar heimsóknir rúmlega 1.000 hvern opnunarmánuð. Yfir sumartímann sáu félagsmiðstöðvarnar um ýmis sérverkefni á vegum Vinnuskólans.

Ungmenna-Húsið sem er upplýsinga- og menningarmiðstöð ungs fólks hefur sífellt aukið fjölbreytileikann í starfi sínu. Má þar nefna öflugt klúbbastarf, góða æfingaaðstöðu fyrir hljómsveitir, þátttöku í stuttmyndasamkeppninni Stulla og utanumhald um skapandi sumarstörf. Þá var í þróun hjá Ungmenna-Húsinu ráðgjafarþjónusta við ungt fólk. Alls voru skráðar rúmlega 1.000 heimsóknir í mánuði árið 2009.

Samkvæmt venju var gott framboð á styttri tómstundanámskeiðum fyrir börn. Námskeiðin voru ýmist kennd úti í skólunum eða í Rósenborg. Starfsemi handverksmiðstöðvarinnar Punktsins var með hefðbundnu sniði. Boðið er upp á opna aðstöðu til handverksiðkunar auk styttri námskeiða. Fjöldi þátttakenda í tómstundastarfi barna og fullorðinna síðustu fjóra mánuði ársins var rúmlega 5.400.

Starfsendurhæfing Norðurlands sá um rekstur Menntasmiðju kvenna á haustönn samkvæmt samningi. Menntasmiðja unga fólksins var starfrækt á vorönn.

Samkvæmt þjónustusamningi sá Alþjóðahúsið á Norðurlandi ehf. um rekstur skrifstofu um málefni útlendinga á Akureyri. Þar voru veittar upplýsingar og ráðgjöf auk miðlunar túlkaþjónustu. Samstarf var við fræðslufyrirtækið Margvís ehf. um íslenskunámskeið fyrir útlendinga.

Unnin var aðgerðaáætlun í forvarnarmálum og í samræmi við hana var m.a. boðið upp á fræðslu í grunnskólunum um skaðsemi vímuefna, geðheilbrigði, kynferðisofbeldi og óhóflega tölvunotkun. Einnig voru haldin námskeið fyrir starfsfólk um viðbrögð við kynferðisofbeldi.

Samfélags- og mannréttindadeild tók fyrir hönd bæjarins þátt í kvennasögugöngu á kvenréttindadaginn 19. júní og málþingi vegna 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi.

Í samvinnu við Vinnumálastofnun hýsti deildin og hélt utan um möguleikamiðstöð fyrir fólk í atvinnuleit þar sem boðið var upp á upplýsingar og afþreyingu af ýmsu tagi.

Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar og skipulagsdeildar Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingarmál, umhverfisskipulag, lóðaúthlutanir, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA).

Skipulagsnefnd hélt 23 fundi á árinu 2009 og tók til umfjöllunar 298 mál.

Skipulagsstjóri (skipulags- og byggingarfulltrúi) hélt 48 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og tók til umfjöllunar 409 mál.

Leiðarljós skipulagsnefndar er Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 sem leggur línur og verður ekki fram hjá komist nema með breytingum á því. Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og breytingum á þeim en bæjarstjórn samþykkir þær eða hafnar.

Skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulags- og byggingarlaga. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim. Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar og sér einnig um daglegan rekstur skipulagsdeildar en þar starfa 9 manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagsdeild.

Eftirfarandi skipulagsverkefni voru í vinnslu á árinu 2009:

Verkefni í gangi eða á vinnslustigi 2009:
- Aðalskipulag Hríseyjar, endurskoðun
- Tenging Brálundar við Miðhúsabraut, auglýst að nýju
- Miðbær, deiliskipulag
- Glerá, frá stíflu til sjávar
- Hlíðarfjall, skíðasvæði
- Kjarnaskógur
- Kirkjugarður á Naustahöfða
- Innbær, endurskoðun
- Háspennulínur um Akureyri
- Breiðholt, hesthúsahverfi
- Akureyrarvöllur, skýrslu vinnuhóps skilað
- Oddeyrin, skýrslu vinnuhóps skilað

Verkefni lokið 2009:
- Deiliskipulag við Miðholt og Undirhlíð
- Íþróttasvæði Þórs við Skarðshlíð, viðbót
- Spítalavegur, Tónatröð
- Malbikunarstöð við Súluveg
- Sandgerðisbót, endurskoðun
- Oddeyrarbryggja, þjónustuhús
- Austurvegur, Eyjabyggð, Búðartangi í Hrísey
- Búðargil, orlofsbyggð, breytingar
- Melateigur, deiliskipulagsbreyting

Samkvæmt málefnasamningi meirihlutaflokkanna í bæjarstjórn er lögð áhersla á verkefni tengd þéttingu byggðar og eru eftirfarandi verkefni í undirbúningi eða nú þegar komin í gang:

Verkefni á undirbúningsstigi vegna þéttingu byggðar :
- Deiliskipulag við Vestursíðu
- Svæði 1 við Krossanesbraut
- Svæði 2 við Krossanesbraut
- Deiliskipulag við Melgerðisás
- Svæði við Hlíðarbraut
- Nemendagarðar við Norðurslóð
- Klettaborg, tvær einbýlishúsalóðir
- Deiliskipulag við Viðjulund
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun
- Oddeyrin, endurskoðun

Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við verkefnin „þétting byggðar" sem oft og tíðum eru viðkvæm mál og kalla á nána samvinnu og samráð við íbúa.

Deiliskipulag fyrir skíðasvæðið í Hlíðarfjalli er í vinnslu og er gert ráð fyrir að því verði lokið á árinu 2010. Mikilvægt er að það skipulag öðlist gildi sem fyrst þar sem á döfinni eru hugmyndir um umtalsverða uppbyggingu á svæðinu. Unnið er að snjóflóðahættumati fyrir svæðið sem liggja ætti fyrir á vordögum 2010.

Starfshópur um Akureyrarvöll skilaði í október 2009 hugmyndavinnu um breytta notkun svæðisins í samræmi við núgildandi ákvæði í aðalskipulagi. Í þeim hugmyndum er gert ráð fyrir almenningsgarði og byggingum næst Glerárgötu. Mjög mikilvægt er að vel takist til á svæðinu sem sannarlega er í hjarta bæjarins, á milli núverandi miðbæjarkjarna og verslunarmiðstöðvarinnar

Glerártorgs og því afar mikilvægt tengisvæði til að tryggja flæði á milli þessara svæða til framtíðar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær verður hafist handa við deiliskipulagningu þess í samræmi við þær tillögur sem þar voru fram lagðar.

Starfshópur um framtíð Oddeyrar skilaði í desember 2009 af sér hugmyndavinnu um breytta notkun svæðisins. Lagt er til að Tanginn, þ.e. nedsti hluti Oddeyrar, verði tekinn til gagngerrar endurnýjunar og þar verði gert ráð fyrir íbúabyggð, verslun og þjónustu á svæðum þar sem mikið er af illa förnu húsnæði. Starfshópurinn leggur til að uppbygging hefjist sem fyrst.

Deiliskipulagsvinnu við skipulag 3ja áfanga Naustahverfis hefur verið frestað vegna efnahagsástandsins en reitir næst sunnan Naustabæjanna hafa verið í vinnslu. Nú þegar er 1. og 2. áfanga lokið ásamt reit við Krókeyrarnöf og velflestum lóðum úthlutað.

Stýrihópur vegna Miðbæjarskipulags skilaði nýverið af sér tillögu að deiliskipulagi til skipulagsnefndar eftir mikla og vandaða vinnu á árinu 2009. Tillagan hefur verið auglýst og er nú í hefðbundnu athugasemdaferli. Haldinn var kynningarfundur í Brekkuskóla og tillagan kynnt á heimasíðu Akureyrar. Að loknum athugasemdatíma fara tillagan og athugasemdir til vinnslu og yfirferðar hjá skipulagsnefnd á ný. Þar munu athugasemdir fá faglega og vandaða umfjöllun. Tillagan er rökrétt framhald af íbúaþinginu „Akureyri í öndvegi" og byggir á vinningstillögu úr alþjóðlegri samkeppni um skipulag Miðbæjarins.

Yfirlit yfir byggingaframkvæmdir á árinu 2009 (tölur í svigum eru frá 2008):

Íbúðarhús:
Hafin var smíði 32 íbúða (63)* árið 2009. Þar af voru einbýlishús 2 (20)*, 0 raðhús með 0 (12)* íbúðum og 2 fjölbýlishús með 30 (31)* íbúðum.

Skráðar voru fullgerðar 0 (6)* íbúðir á árinu þ.e.
0 (6)* einbýlishús, 0 (0)* íbúðir í raðhúsum og 0 (0)* íbúðir í fjölbýlishúsum.

Í árslok voru fokheldar og lengra komnar í byggingu 73 (57)* einbýlishús, 72 (53)* íbúðir í raðhúsum og 282 (252)* íbúðir í fjölbýlishúsum.

Skemmra á veg komnar í byggingu voru í árslok 11 (25)* einbýlishús, 17 (36)* íbúðir í raðhúsum og 270 (270)* íbúðir í fjölbýlishúsum.
Hafnar framkvæmdir við íbúðarbyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbyggingar ofl.: 6.336 m^2 (10.391)* / 19.119 m3 (37.007)*

*Tölur í svigum eru frá 2008.

	E	**R**	**F**	**Samtals**
Hafnar framkvæmdir	2	0	30	32
Fullgert á árinu	0	0	0	0
Fokhelt á árinu	16	21	30	67
Í smíðum í árslok	84	89	552	725

Hafnar framkvæmdir við atvinnu- og þjónustuhúsnæði 2009:

Tegund	**m^2**	**m^3**
Landbúnaður	0	0
Fiskiðnaður	0	0
Vörugeymslur/geymar	263,6	2963,8
Vinnsla búsafurða	0	0
Iðnaður	1373,5	3653,5
Verslun	0	0
Veitinga- og gistihús	0	0
Verslun/iðnaður	0	0
Verslun/skrifstofur	0	0
Skrifstofuhúsnæði	0	0
Frístundahús	318,4	1080,6
Önnur þjónustustarfsemi	754,9	2.716,6
Félagsleg starfsemi	0	0
Opinber starfsemi	615,4	2.508,9
Samtals	3.325,8	12.922,9
Tölur frá fyrra ári	(34.216)	(23.0911)

Skóladeild

Árið byrjaði á endurskoðun fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar þar sem fyrir lá að lækka þyrfti kostnað við reksturinn verulega. Allir stjórnendur og starfsmenn lögðust á eitt við að leita leiða sem hefðu minnst áhrif á starfsemi skólanna. Þá var mikið lagt upp úr því að halda í störf og tókst það mjög vel. Þetta hefur þýtt að endurskoða hefur þurft starfsáætlun með það í huga að leita annarra leiða en farnar hafa verið á undanförnum árum. Að þessu leyti hefur vinnan verið holl fyrir alla aðila.

Í tengslum við þessa vinnu var unnin skilgreining á því hvað flokkaðist undir grunnþjónustu sveitarfélaga og gaf Samband íslenskra sveitarfélaga út leiðbeinandi álit um það efni. Þar kemur skýrt fram að starfsemi grunnskóla og leikskóla sé hluti af grunnþjónustu sveitarfélaga. Það sama gildir ekki um tónlistarskóla, daggæslu og frístund grunnskólanna (lengd viðvera 6-10 ára barna).

Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, kom tvisvar á árinu í heimsókn. Hún heimsótti 8. bekk Lundarskóla þann 16. mars og ræddi við nemendurna um mannréttindaverkefni sem þeir hafa unnið að undanfarin þrjú ár. Hún kom svo ásamt fulltrúum úr mennta- og menningarmálaráðuneytinu

í skipulagða heimsókn á degi íslenskrar tungu. Þá heimsótti hún Kiðagil, Síðuskóla, Brekkuskóla og Naustaskóla. Í þessum skólum fræddist hún og fylgdarlið hennar um leikskólalæsi, byrjendalæsi og „Orð af orði" ásamt því að hlusta á upplestur.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri.

Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og byggist á markmiðslýsingu laga um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla. Námskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskóla og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra. Helstu námssvið leikskóla eru málrækt, hreyfing, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Hver leikskóli gerir eigin skólanámskrá og starfsáætlun.

Akureyrarbær rekur 11 leikskóla á Akureyri og einn í Hrísey. Auk þess styrkir bærinn tvo einkarekna leikskóla, Hólmasól sem er rekinn af Hjallastefnunni ehf. og Hlíðaból sem rekinn er af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri.

Þann 1. ágúst varð breyting á þjónustutíma leikskólanna og eru þeir nú allir opnir frá klukkan 7.45-16.15. Einnig bjóða allir skólarnir upp á leikskóladvöl í 4,0-8,5 tíma á dag. Leikskólunum var lokað í tvær vikur sumarið 2009 en Hlíðaból var lokað í þrjár vikur og Smábær í Hrísey fjórar vikur. Börnin tóku fjögurra vikna samfellt sumarfrí en reynt var að koma til móts við þarfir foreldra með tímasetningar þeirra. Heildarstærð leikskólanna er 841 m², leikrými er 3.806 m² og lóðirnar eru 41.640 m².

Í október voru um 97,75% barna á Akureyri á aldrinum 2-5 ára, þ.e. fædd 2004-2007 í leikskóla. Þá voru einnig um 10,4% barna fædd 2008 en börn þurfa að hafa náð a.m.k. 18 mánaða aldri til þess að innritast í leikskóla. Heildarfjöldi barna í leikskólunum var 1.061 og meðaldvalartími þeirra var um 7,62 klukkustundir á dag. Stöðugildin í október voru í heild 231,15. Stöðugildi vegna deildarstarfs voru alls 155,06 og þar af voru 88,47% mönnuð fagfólki eða 137,18 stöðugildi.

Leikskólinn Kiðagil hóf í september vinnu við þróunarverkefnið Leikskólalæsi en það er unnið út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Lögð er áhersla á að vinna með hlustun, tal, lestur og ritun. Í desember fékk leikskólinn styrk frá Sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins til að vinna áfram með verkefnið.

Leikskólarnir héldu upp á dag leikskólans þann 6. febrúar með því að hafa opið hús og bjóða bæjarbúum í heimsókn til að kynna sér starf leikskólanna. Markmið Dags leikskólans eru:

- Að gera þegna þjóðfélagsins betur meðvitaða um þýðingu leikskóla fyrir börn.
- Að skapa jákvæða ímynd um leikskólakennslu og auka áhuga fólks á starfinu.
- Að beina athygli þjóðarinnar að stöðu leikskólans og gildi hans fyrir menningu og þjóðarauð.

Leikskólarnir eiga samstarf við aðrar stofnanir bæjarins og má þar meðal annars nefna samstarf við Slökkviliðið, en það felur í sér að efla eldvarnir í leikskólunum og veita elstu börnunum fræðslu um eldvarnir. Samstarf er við Heilsugæsluna, en henni er þannig háttað að 3½ árs skoðun leikskólabarna fer fram í leikskólunum. Skoðunin fer fram að viðstöddum foreldrum, hjúkrunarfræðingi og leikskólakennara. Leikskólar eru í samstarfi við eldri borgara í Víðilundi, á Bjargi og í Hlíð. Markmiðið með þessu samstarfi er meðal annars að brúa kynslóðabilið, njóta félagsskapar og samvinnu hvers annars og kynnast menningarheimi hvers annars.

Dagforeldrar voru 41 í desember og hjá þeim dvöldu alls 164 börn. Þar af var niðurgreitt fyrir 156 börn. Niðurgreitt var fyrir 124 börn giftra foreldra og foreldra í sambúð, 26 einstæðra foreldra og 6 foreldra þar sem báðir aðilar voru í námi. Alls voru 8 börn hjá dagforeldrum sem ekki eru með lögheimili í bæjarfélaginu.

Á árinu 2009 létu tveir dagforeldrar af störfum og tveir nýir dagforeldrar tóku til starfa.

Samþykktar voru nýjar reglur um niðurgreiðslur sem tóku gildi frá 15. nóvember 2009. Var niðurgreiðslum fyrir gifta foreldra og foreldra í sambúð breytt á þann hátt að greitt væri niður með börnum frá 12 mánaða aldri í stað 9 mánaða aldurs áður. Einstæðir foreldrar og foreldrar í sambúð fá eftir sem áður niðurgreiðslur frá 6 mánaða aldri barns. Einnig var ákveðið að hámarkstími niðurgreiðslu væru 7 tímar daglega, í stað 8 tíma áður. Gildir það ákvæði fyrir alla foreldra sem njóta þjónustu dagforeldra.

Starfsdagur dagforeldra var haldinn föstudaginn 27. nóvember 2009. Alls skráðu sig 29 dagforeldrar á starfsdaginn, hinir kusu að starfa þennan dag.

Grunnskólar Akureyrarbæjar voru 8 á árinu en Naustaskóli og Grímseyjarskóli bættust í hópinn frá 1. ágúst. Auk þess var rekinn einn sérskóli, Hlíðarskóli. Í skólunum stunduðu 2.593 nemendur nám, þar af voru 55 nemendur skráðir í sérdeildir eða Hlíðarskóla. Flestir voru nemendurnir í Lundarskóla eða 520 en aðeins 11 í Grímseyjarskóla þar sem fæst var. Á árinu voru gerðar breytingar á starfsemi Hlíðarskóla, sem er sérskóli fyrir börn með alvarleg hegðunarvandkvæði sem ekki rekast í almennum grunnskólum og langveik börn með geð- og þroskaraskanir. Skólinn var áður rekinn í þremur deildum, strákadeild, stúlknadeild og Skildi. Eftir breytingu er skólinn ein deild og um leið var plássum fækkað úr 28-30 í 18-20. Þetta var gert með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára og könnun á þörf í grunnskólunum. Þessi breyting leiddi einnig til lækkunar á kostnaði sem varð svo til þess að ekki þurfti að fækka kennslustundum í grunnskólunum.

Eins og fram hefur komið tók Naustaskóli til starfa á árinu. Skólinn er í Naustahverfi og verður fullbyggður heildstæður grunnskóli fyrir allt að 500 nemendur. Þegar skólinn hóf sitt fyrsta starfsár voru nemendur alls 152 í 1.-7. bekk. Þá tók einnig til starfa ein leikskóladeild frá Naustatjörn í húsnæði Naustaskóla og var börnum fjölgað um 24 á Naustatjörn með þessum hætti. Var þetta gert til að mæta þörf fyrir leikskólarými í Naustahverfi. Á móti var rýmum fækkað samsvarandi í Síðuhverfi og á efri Brekkunni. Með tilkomu Naustaskóla var stigið nýtt skref í skólasögu Akureyrarbæjar, því húsnæði skólans gerir ráð fyrir teymiskennslu kennara og samkennslu árganga í stærri og minni rýmum, þar sem nokkrir árgangar eru saman á svæði. Nú var fyrri áfangi skólans tekinn í notkun en von er til þess að skólinn verði fullbyggður árið 2015.

Unnið hefur verið að fjölmörgum þróunarverkefnum á undanförnum árum og hafa mörg þeirra fengið sérstaka fjárstyrki. Á árinu var dregið úr öllum slíkum styrkjum en samt var unnið ötullega áfram að mörgum þeirra. Hér verður aðeins minnst á nokkur verkefnanna en öll eru þau líkleg til að styrkja skólastarf til framtíðar:

- Uppbygging og innleiðing agastjórnunarkerfa sem byggja á viðurkenndum og þekktum aðferðum. Þetta eru verkefni sem tekur mörg ár að innleiða og festa í sessi. Öll byggja þau á jákvæðum og uppbyggjandi aðferðum og leiðum.
- Byrjendalæsi sem allir grunnskólarnir eru nú þátttakendur í, er ný nálgun á lestrarkennslu í yngri bekkjum, þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða nálgun og fjölbreyttar aðferðir.
- Orð af orði er lestarkennsluaðferð hugsuð fyrir miðstig og sérstaklega ætlað að auka orðaforða nemenda. Þessi aðferð er einnig einstaklingsmiðuð í þeim skilningi að hún tekur mið af áhuga, getu og þörfum nemenda.
- Einstaklingsmiðað og fjölbreytt námsmat, þar sem leitað er leiða til að þróa námsmat skólanna þannig að það endurspegli betur áhuga, skilning, getu og þekkingu hvers nemanda.
- Teymiskennsla og einstaklingsmiðaðir kennsluhættir. Þar er lögð áhersla á að kennarar kenni meira saman til að auka möguleika til fjölbreyttra kennsluhátta og skipulags sem geta tekið mið af áhuga, getu og þörfum nemenda.
- Sjálfsmat skóla, þar sem skólar þróa aðferðir til að viðhafa sjálfsmat sem reglulegan þátt í skólastarfi sem leiðir af sér umbætur á því sem betur má fara. Leikskólarnir eru að stíga sín fyrstu skref í þessari vinnu en grunnskólarnir hafa átt að vinna að sjálfsmati síðan 1996. Grunnskólarnir á Akureyri eru mislangt komnir í þessari vinnu, einstaka fullnægja öllum viðmiðum ráðuneytis menntamála en aðrir ekki að fullu. Lögð er sérstök áhersla á þennan þátt nú, þar sem hann er talinn órjúfanlega tengdur öflugu skólastarfi sem er í stöðugri þróun.
- Stöðugt er unnið að aukinni þátttöku foreldra í skólastarfi með foreldraviðtölum, þátttöku foreldra við að setja nemendum markmið, aukinni upplýsingagjöf til foreldra og með þátttöku þeirra í námsmati svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu var lögð fyrir könnun meðal foreldra grunnskólanemenda. Þátttaka í reglulegum könnunum á viðhorfum foreldra til starfs og starfsaðstæðna í grunnskólum hafði farið dvínandi jafnt og þétt með árunum en í þessari könnun jókst hún aftur til muna. Kynjahlutfall var ójafnt, mæður tóku mun frekar þátt í könnuninni en feður. Rúm 95% foreldra voru sammála því að börnunum þeirra líði vel í skólanum. Almennt voru foreldrar á því að árangur barna sinna væri í samræmi við væntingar sínar. Það var nokkuð afdráttarlaus skoðun foreldra að skólarnir séu góðir og foreldrar voru ánægðir með þá. Foreldrar töldu kennara metnaðarfulla, að kennsluaðferðir þeirra séu fjölbreyttar, að eðlilegar kröfur séu gerðar til nemenda og að viðfangsefnin séu áhugaverð. Afstaða foreldra til þessara þátta er jákvæðari eftir því sem börn þeirra eru yngri. Foreldrar eru almennt þess sinnis að agastefna í skólunum sé skýr.

Foreldrar eru sammála því að komið sé til móts við þarfir barnanna, þau fái viðeigandi þjónustu lendi þau í erfiðleikum og markvisst sé unnið að því að koma í veg fyrir einelti.

Skiptar skoðanir eru um þjónustu mötuneyta. Flestir foreldrar voru ánægðir með mötuneytin sem slík en um fjórðungur var þó óánægður með þau. Almennt var ánægja með húsnæði og skólalóðir en það var þó breytilegt milli skóla. Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í skólana. Flestir voru sammála um að unnið sé að því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu. Foreldrar eru sammála því að Mentor-vefurinn nýtist vel til upplýsingagjafar. Meginþorri foreldra var ánægður með samskipti við kennara og töldu kennara og annað starfsfólk koma fram af virðingu og sanngirni við nemendur.

Súlurit hér að neðan sýna hluta niðurstaðna.

Foreldrar nemenda á unglingastigi töldu námsframboð valgreina fyrir nemendur í 8.-10. bekk áhugavert, bæði almennt og einnig framboð valgreina utan skóla. Mikil ánægja var meðal foreldra barna í íþróttum eða í öðru skólastarfi með að slíkt skuli vera metið sem valgrein.

Í samantekt sem gerð var á vorönn kemur fram hvernig nemendur dreifast á valgreinar eftir kyni og í heild og má þar sjá að það markmið að auka vægi hreyfingar og list- og verkgreina hefur gengið eftir.



Taflan hér að ofan sýnir hluta niðurstaðna frá könnun sem gerð var meðal foreldra grunnskólabarna Akureyrarbæjar.



Taflan hér að ofan sýnir dreifingu nemenda á valgreinar eftir kyni og í heild.

Tónlistarskólinn hélt úti fjölbreyttu starfi að vanda en nemendur hans eru um 460 sem er svipað og á síðasta ári. Starfsmenn voru 40 í ríflega 30 stöðugildum.

Námsgreinar við skólann voru 40 á árinu. Haldnir voru um 120 tónleikar víðsvegar um bæinn á starfsárinu. Tónlistarskólinn hélt áfram samstarfi við fjölmarga aðila, þar á meðal Leikfélag Akureyrar, Glerártorg, Öldrunarheimilið Hlíð, Te og kaffi, Menntaskólann, Verkmenntaskólann, Fjölmennt, Hlíðarfjall, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og marga fleiri.

Hljómsveitastarf var með öflugra móti en þar má helst nefna Big Band tónlistarskólans sem leikið hefur í flestum grunnskólunum og tangósveitina Liebertango sem komið hefur fram víðsvegar um bæinn og einnig hefur verið sett á fót sinfóníuhljómsveit við skólann en nemendur á öllum stigum klassískrar tónlistar taka þátt í henni.

Tónlistarskólinn hefur hafið kennslu í djasspíanóleik og ritmískri hljómfræði og hefur ritmíska deildin styrkst svo um munar á árinu. Verkefnið Tónleikur var lagt af í kjölfar niðurskurðar en þess í stað hóf Tónlistarskólinn að bjóða yngstu nemendunum upp á sérstakan hóp: Suzukikríli. Uppskeruhátíð tónlistarskólanna var haldin í fyrsta sinn fyrir páska en þar fengu nemendur af Norðurlandi að spreyta sig.

Útgáfumál

Skóldaeild heldur úti vefsíðu http://skoladeild.akureyri.is þar sem finna má allar helstu upplýsingar um það sem er að gerast í skólamálum hjá Akureyrarbæ og allar skýrslur og skylt efni sem gefið hefur verið út. Þá gefur skóladeild út rafræna vikuritið Skóla-akur sem kemur út á hverjum fimmtudegi allt skólaár grunnskólans.

PMT-foreldrafærni og SMT-skólafærni

Innleiðslu PMT-foreldrafærni og SMT-skólafærni miðar mjög vel en nú eru 3 grunnskólar (Síðuskóli, Oddeyrarskóli og Lundarskóli) og 8 leikskólar (Kiðagil, Flúðir, Holtakot, Lundarsel, Sunnuból, Síðusel, Pálmholt og Hlíðaból) SMT-skólafærni skólar. Skólarnir eru mislangt komnir í innleiðsluferlinu.

Fjórir starfsmenn frá fjölskyldudeild og skóladeild hafa verið í PMT-meðferðarmenntun hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Haldið var grunnnámskeið á árinu fyrir fagfólk og luku 16 einstaklingar náminu. Hafa nú samtals 70 einstaklingar á Akureyri lokið grunnmenntun á fimm námskeiðum og eru 60 þeirra starfandi hjá Akureyrarbæ, þar af 20 grunnskólakennarar og 37 leikskólakennarar. Einnig hafa félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, hjúkrunarfræðingar, kennsluráðgjafar og námsráðgjafar lokið grunnmenntun PMT hér á Akureyri auk kennara, leikskólakennara og þroskaþjálfa úr Skagafirði og leikskólakennara og fjölskylduráðgjafa af Fljótsdalshéraði. Markmið grunnmenntunar er að efla færni þessara fagstétta í PMT ráðgjöf og meðferð vegna hegðunarerfiðleika. Þessir einstaklingar eru flestir starfandi innan SMT-skólafærni skólanna og nýtist þekking þeirra því mjög vel í skólasamfélaginu.

Haldin voru þrjú foreldranámskeið á árinu og luku því 38 foreldrar. Alls hafa 79 foreldrar 51 barns lokið foreldranámskeiðum síðan 2007 og telur yfir 92% foreldranna að þeir hafi haft mikið gagn af þessum námskeiðum.

Auk þessa hafa 18 fjölskyldur lokið PMT meðferð og 11 fjölskyldur eru nú í meðferð.

Starfsmannaþjónusta

Starfsmannaþjónusta annast launaútreikning fyrir alla starfsmenn Akureyrarbæjar, bæjarfulltrúa og nefndarmenn ásamt ráðgjöf til stjórnenda sveitarfélagsins um kjaramál, starfsmannamál og ráðningar. Einnig hefur deildin umsjón með framkvæmd mannauðsstefnu Akureyrarbæjar, kjaraþróun og fræðslumálum starfsmanna.

Helstu tölulegar upplýsingar um starfsemi deildarinnar á árinu 2009 eru í eftirfarandi töflu:

	Fjöldi	Konur	Karlar
Launþegar	3.400		
Samtals greidd laun í milljónum króna	6.242		
Ársverk	1.493	1.093	400
Starfsumsóknir			
14 ára í vinnuskóla	216	96	120
15 ára í vinnuskóla	225	117	108
16 ára í vinnuskóla	169	72	97
Umsóknir um sumarvinnu	708	399	309
Ráðnir í sumarvinnu	265	193	72
Ráðnir til vinnu í atvinnuátaki	142	38	104
Ráðnir í sumarvinnu fatlaðra	50	19	31

Boðið var upp á vinnuskóla fyrir unglinga árið 2009 eins og undanfarin ár. Unglingum á aldrinum 14-15 ára bauðst vinna í vinnuskóla 3 klukkustundir á dag í 6 vikur, samtals 72 klukkustundir. Unglingar sem urðu 16 ára á árinu gátu fengið 6 stunda vinnu á dag í 6 vikur, samtals 144 klukkustundir. Unglingar 14-16 ára unnu 4 daga í viku, ekki var unnið á föstudögum. Atvinnulausu skólafólki var boðin sumarvinna í 4 vikur, 7 tíma á dag, samtals 140 klukkustundir.

Í byrjun júlímánaðar undirritaði Launanefnd sveitarfélaga samkomulag um framlengingu kjarasamninga við tvö þeirra fjölmörgu stéttarfélaga sem fara með samningsumboð fyrir starfsmenn Akureyrarbæjar, Kjöl og Einingu-Iðju. Samningarnir voru gerðir á grundvelli stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins sem undirritaður var 25. júní 2009. Samningar þessir gilda til 30. nóvember 2010. Í kjarasamningunum var lögð áhersla á að styrkja stöðu tekjulægstu hópa starfsmanna sveitarfélaga. Aðrir kjarasamningar LN og viðsemjenda þeirra, sem eiga við um starfsmenn Akureyrarbæjar, hafa ekki verið framlengdir og eru því lausir.

Innleiðing á SAP mannauðskerfinu hélt áfram á árinu. Unnið var að nýjum viðbótum s.s. SAP Skjalaskáp og SAP Námskeiðskerfi. SAP Skjalaskápur er rafrænn skjalaskápur sem heldur utan um gögn sem tilheyra launþegum. SAP Námskeiðskerfið heldur utan um símenntun starfsmanna og er beintengt starfsmannavefnum þar sem starfsmenn geta skráð sig til þátttöku á námskeið.

Innleiðing og viðhald á vaktaskipunarkerfinu TimeCare hélt áfram hjá stofnunum Akureyrarbæjar. Um er að ræða hugbúnað sem auðveldar stjórnendum og starfsmönnum skipulagningu vinnutíma og frítíma. Lögð er áhersla á sveigjanlegan vinnutíma þar sem jafnvægi ríkir milli vinnu og einkalífs um leið og stuðlað er að aukinni framleiðni á vinnustund. Unnið var áfram með MyTimePlan sem heldur utan um útreikning á tímum úr Time Care til launa í SAP. MyTimePlan gefur stjórnendum aðgang að vinnuyfirlitum fyrir launatímabil sem birta unna tíma eftir dögum. Stjórnandi getur með því móti séð hvernig er greitt fyrir hvern unnin dag fyrir sig.

Árið 2009 vann starfsmannaþjónustan að uppsetningu gæðahandbókar fyrir deildina. Markmiðið með gæðahandbókinni var að samræma vinnubrögð með því að skrásetja vinnuferla og leiðbeiningar. Gæðahandbókin er í sífelldri þróun á deildinni og árangur þessarar vinnu hefur nú þegar sýnt sig í samræmdari og markvissari vinnubrögðum starfsmanna.

Þann 17. mars 2009 var ný mannauðsstefna Akureyrarbæjar samþykkt í bæjarstjórn. Sumarið 2008 skipaði bæjarstjóri starfshóp til að vinna að endurskoðun á starfsmannastefnu sveitarfélagsins sem samþykkt var árið 1999. Starfshópurinn lagði til breytta uppsetningu á stefnunni þar sem markmið og aðgerðir til að ná markmiðum voru sett fram með skýrum hætti. Í febrúar 2009 voru drög að nýrri mannauðsstefnu kynnt og óskað var eftir athugasemdum frá starfsfólki. Margar góðar ábendingar bárust frá starfsfólki og nýtti starfshópurinn margar þeirra við lokafrágang vinnunnar. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja annars vegar hæfni og hins vegar starfsánægju starfsfólks. Hverju undirmarkmiði fylgja ákveðnar aðgerðir og tilgreindir eru þeir aðilar sem bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Almenn réttindi starfsmanna eru tilgreind í sérstökum kafla ásamt þeim skyldum sem starfsfólk hefur gagnvart Akureyrarbæ. Að lokum eru settar fram aðgerðir til þess að tryggja eftirfylgni með stefnunni. Mannauðsstefnuna má nálgast á starfsmannahandbók á vef Akureyrarbæjar.

Í lok mars urðu launaseðlar hjá Akureyrarbæ rafrænir, þ.e. voru ekki lengur prentaðir út og sendir heim til starfsfólks. Með þessari umhverfisvænu aðgerð dró Akureyrarbær verulega úr pappírsnotkun og sparaði einnig töluverða fjármuni í pappírs- og sendingarkostnaði. Rafræna launaseðla nálgast starfsfólk á starfsmannavef Akureyrarbæjar http://eg.akureyri.is. Starfsfólk sem hefur ekki aðgang að tölvu getur óskað eftir að fá launaseðla á pappír áframsenda heim til sín.

Starfsmannaþjónusta heldur úti þremur upplýsingamiðlum fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar. Þetta eru starfsmannahandbók og stjórnendahandbók á heimasíðu akureyrarbæjar og starfsmannavefurinn http://eg.akureyri.is. Starfsmannavefurinn veitir starfsfólki aðgang að einstaklingsbundnum upplýsingum sem skráðar eru í SAP mannauðskerfið. Starfsfólk getur m.a. skoðað launaseðla sína, fengið upplýsingar um stöðu orlofs og fjölda skráðra veikindadaga. Einnig getur starfsfólk skoðað reikninga sem gefnir eru út af Akureyrarbæ s.s. leikskólagjöld og fasteignagjöld. Upplýsingar s.s. starfsmannalisti fyrir alla vinnustaði á vegum Akureyrarbæjar, afmælisbörn dagsins og listi yfir nýtt starfsfólk hjá Akureyrarbæ er einnig að finna á vefnum.

Starfsmannahandbók fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar er aðgengileg á http://akureyri.is/starfsmannahandbok. Þar er hægt að nálgast á einum stað upplýsingar um flest það sem lýtur að vinnustaðnum, kjaramálum, réttindum, skyldum o.fl. Á forsíðu handbókarinnar eru reglulega settar inn fréttir er varða starfsfólk Akureyrarbæjar.

Stjórnendahandbók er einnig að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar http://akureyri.is/stjornendahandbok. Handbókin er upplýsingaveita til stjórnenda í starfi hjá Akureyrarbæ og er markmið hennar að auðvelda þeim aðgang að margvíslegum upplýsingum. Fréttabréf starfsfólks Akureyrabæjar, Innanbæjarkrónikan, var gefin út 6 sinnum árið 2009. Innanbæjarkrónikan inniheldur fróðleik fyrir starfsfólk um hin ýmsu málefni ásamt því að kynna fyrir starfsfólki ólíka starfsemi sveitarfélagsins. Innanbæjarkrónikunni er dreift á kaffistofur auk þess sem hún er aðgengileg í starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar.

Sameiginleg fræðsla fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar hefur aukist undanfarin ár. Á árinu 2009 var haldið fjölmennt nýliðanámskeið í október og þjónustunámskeið voru haldin á vormánuðum fyrir starfsfólk í Sundlaug Akureyrar, í Hlíðarfjalli og fyrir starfsfólk í Ráðhúsinu og Glerárgötu 26. Auk þess voru haldin tvö námskeið um matreiðslu grænmetisfæðis fyrir um 30 matráða hjá Akureyrarbæ.

Hjá Akureyrarbæ starfa yfir 80 stjórnendur og heldur starfsmannaþjónustan utan um stjórnendafræðslu fyrir þennan hóp. Markmið stjórnendafræðslunnar er að bjóða upp á fræðslu sem styrkir stjórnendur og nýtist þeim í starfi. Í desember 2008 var gerð könnun á fræðsluþörfum stjórnenda og við skipulagningu námskeiða árið 2009 var markvisst unnið að því að koma til móts við óskir þeirra um fræðslu. Námskeiðum þar sem starfsfólk Akureyrarbæjar miðlar af þekkingu sinni fjölgaði mjög og má þar bæði nefna kennslu á tölvukerfi sveitarfélagsins en einnig námskeið af ýmsu tagi s.s. námskeiðin: „Að skrifa góðan texta", „Að koma fram af öryggi" og „Stjórnsýslulögin".

Tveir starfsdagar stjórnenda voru haldnir á árinu. Í mars var fjallað um símenntun með það að markmiði að leita að tækifærum til símenntunar starfsfólks á samdráttartímum. Meðal annars voru starfsmenntasjóðirnir Mannauðssjóður Kjalar og Sveitamennt kynntir en þessir sjóðir bjóða vinnustöðum að sækja um styrki til námskeiðahalds. Í nóvember fjallaði Dr. Ársæll Arnarson, dósent í sálfræði við Háskólann á Akureyri, um hvernig stjórnendur geta styrkt sig í starfi í því umhverfi sem ríkir á vinnumarkaðnum.

Öldrunarheimili

Á Öldrunarheimilum Akureyrar er margt um manninn og fjölbreytt mannlíf. Tæplega 400 manns fengu þjónustu öldrunarheimilanna á síðasta ári, íbúar, fólk í skammtímadvöl og í dagþjónustu. Um 435 manns störfuðu á heimilunum á árinu þannig að með aðstandendum og hinum ýmsu gestum (t.d. mörgum tugum leikskólabarna) er það stór hópur fólks sem býr, starfar eða heimsækir öldrunarheimilin á ári hverju eða langt á annað þúsund manns. Umsvifin eru því á við nokkuð stórt þorp eða kaupstað á íslenskan mælikvarða!

Í Hlíð, Kjarnalundi og Bakkahlíð búa 188 íbúar á hverjum tíma, 67 nýir íbúar fluttu inn á heimilin á árinu. Auk þess eru í Hlíð 7 rými fyrir skammtímadvöl, þ.e.a.s. fyrir fólk sem kemur í styttri dvöl, í tímabundna hjúkrun og endurhæfingu og fer síðan heim aftur. 69 nýttu sér þessa þjónustu á árinu, margir nokkrum sinnum. Með aukinni áherslu á að fólk geti búið sem lengst í heimahúsum er vaxandi þörf fyrir skammtímadvöl.

Biðlisti eftir fastri búsetu á öldrunarheimilunum hefur verið svipaður undanfarin ár og voru 15 einstaklingar á biðlista um síðustu áramót. Aftur á móti hefur ekki tekist að anna eftirspurn eftir skammtímadvöl og dagþjónustu í Hlíð og eru biðlistar eftir þeirri þjónustu vaxandi.

Starfsmannalán leikur enn við öldrunarheimilin og voru fastráðnir starfsmenn um 310 í 203 stöðugildum á árinu. Með afleysingum störfuðu 435 starfsmenn á heimilunum árið 2009. Starfsmannavelta var lítil sem fyrr og er traust og reynslumikið starfsfólk ein stærsta auðlind öldrunarheimilanna.

Rekstur öldrunarheimilanna kostaði 1,5 milljarð 2009. Mikil útsjónarsemi hefur verið í rekstri heimilanna mörg undanfarin ár og bruðl „útrásaráranna" óþekkt innan öldrunarheimilanna. Á árinu var allra leiða leitað til niðurskurðar eins og víðar í samfélaginu. Starfsfólki var ekki sagt upp en mikið aðhald var í yfirvinnu, kallað var út í hálfar vaktir í stað heilla á álagstímum, hagrætt á vöktum og deildir hafa hjálpast að. Ráðnir voru 3 „flakkarar" í hlutastörf á dagvakt og 1 á kvöldvakt til þess að hjálpa til á þeim deildum þar sem forföll eru mest. Vaktir hafa verið styttar á eftirmiðdögum og nýráðningum seinkað eins og hægt er. Með þessari tilhögun og samstarfsvilja starfsmanna spöruðust 7.000 yfirvinnutímar á árinu miðað við 2008. Þetta er gríðarlegur sparnaður og hefur starfsfólkið lagt mikið á sig til þess að ná þessum árangri. Auk þess hafa kaup á áhöldum og munum verið í algjöru lágmarki og dregið hefur verið úr ferðakostnaði, námskeiðahaldi og þess háttar.

Sigurður Helgason læknir hjá landlæknisembætti var fenginn til þess að fara yfir lyfjalista m.t.t. hagkvæmni í innkaupum. Úttekt Sigurðar leiddi í stuttu máli í ljós að öldrunarlæknar heimilanna hafa gætt mikillar hagkvæmni í lyfjavali og því litlir möguleikar til hagræðingar í þeim efnum.

Þrátt fyrir sparnað og aðhald var áfram unnið að þróun þjónustunnar á öldrunarheimilunum. Innleiðing Eden-hugmyndafræðinnar hélt áfram en hún leggur áherslu á aukin lífsgæði íbúanna og heimilisbrag. Hugmyndafræðin leggur ríka áherslu á virðingu, umhyggju og bros – þessir þættir í mannlegum samskiptum kosta ekki peninga en létta öllum tilveruna. Í anda hugmyndafræðinnar var starfsmannafatnaður lagður af í upphafi ársins og ganga starfsmenn nú í eigin fatnaði. Með þessari breytingu hefur yfirbragð heimilanna orðið mun heimilislegra og starfsmenn og íbúar mætast meira á jafningjagrundvelli. Margir gestir hafa haft orð á því að þessi breyting með starfsmannafatnaðinn hafi gjörbreytt yfirbragði heimilanna til hins betra.

Í Hlíð er sértæk dagþjónusta sem hefur að markmiði að auðvelda öldruðum sem þurfa eftirlit og umsjón að búa sem lengst á eigin heimili. Í dagþjónustu er boðið upp á akstur til og frá heimili, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Í Hlíð eru leyfi fyrir 16 dagþjónusturýmі en auk þess sér Hlíð um rekstur eins dagþjónusturýmis fyrir Eyjafjarðarsveit. Mikil aðsókn er að dagþjónustunni og nýttu 64 einstaklingar sér þjónustuna 2009, 42 konur og 22 karlar. Að meðaltali nýttu 40 manns dagþjónustuna í Hlíð yfir vikuna. Dagþjónustan flutti í endurbætt og rúmbetra húsnæði í Hlíð á haustmánuðum 2008 og hlaut deildin nafnið Grænahlíð.

Á árinu 2009 var gerð gæðakönnun þar sem dagþjónustugestir voru beðnir um að leggja mat á þá þjónustu sem er í boði og um leið að vera virkir þátttakendur í þróun starfseminnar. Mjög góð þátttaka var í könnuninni eða 92% svörun. Meðalaldur hópsins var 82 ár og til gamans má geta þess að 30 ára aldursmunur var á þeim elsta og yngsta. Allir voru sammála um að aðbúnaður og aðstaða væri annað hvort mjög góð eða frekar góð og því almenn ánægja með nýuppgert húsnæðið í Hlíð. 90% svarenda fannst það jákvæð upplifun að byrja í dagþjónustu í Hlíð og 97% leiðist sjaldan eða aldrei í dagþjónustunni. Almennt má segja að niðurstaða könnunarinnar í heild sé mjög góð bæði hvað varðar þjónustu og aðbúnað. Starfsfólk fær afar góða umsögn.

Heilbrigðisráðuneytið gerði úttekt á ákveðnum þjónustuþáttum í þjónustu ÖA o.fl. á haustmánuðum vegna þjónustusamninga við Akureyrarbæ um heilbrigðis- og öldrunarþjónustu. Tilgangur úttektarinnar var að kanna hvort framkvæmd þjónustunnar væri ekki í fullu samræmi við samninga. Í úttektinni kom ekkert fram sem talist gæti frávik frá samningunum. Í lok október var eftirlit gert frá landlæknisembætti með hjúkrunarskráningu á öldrunarheimilunum og bárust í kjölfarið ábendingar um að hjúkrunarskráningu og notkun gæðavísa væri ábótavant. Brugðist var skjótt við og búnir til umbótahópar sem leitað hafa leiða til úrbóta. Sérfræðingar hafa verið fengnir til ráðgjafar og hentug hjúkrunarskráningarkerfi eru í skoðun. Reiknað er með að nýtt kerfi og vinnulag verði tekið í notkun á vormánuðum 2010. Þessi breyting mun gera þjónustuna markvissari og auðvelda allt eftirlit.

Sem fyrr er leitað leiða til þess að auka fjölbreytni daglegs lífs á öldrunarheimilunum. Boðið var upp á fjölbreytta tómstundaiðju árið 2009, s.s. handverk, upplestur, spurningahópa, leikfimi, spilavist, bingó, keilu, skemmtanir tengdar árstíðum, kvennahlaup, ferðalög og kráarkvöld svo fátt eitt sé nefnt. Hefð er orðin fyrir að sýna handverk íbúa og dagþjónustugesta heimilanna að vori og var engin undantekning á því þetta árið. Sú nýbreytni var að sýningin var í tveimur sölum, í öðrum nýtt handverk og í hinum gamalt handverk. Markaðstorg var haldið í nóvember, en það var í fimmta skipti sem það var haldið. Þá koma verslanir og handverksfólk með varning sinn í Hlíð og bjóða til sölu.

Á vormánuðum var keyptur flygill í samkomusalinn í Hlíð fyrir ágóða af kaffisölu á handverkssýningu og markaðstorgi. Hann er notaður og af gerðinni August Furster, afar gott hljóðfæri. Það voru nemendur í Tónlistarskólanum á Akureyri sem vígðu hann formlega, en fyrst til að spila á hann var Irene Gook, 100 ára íbúi í Hlíð.

Á árinu var útbúið bókasafn fyrir íbúa í Hlíð. Allur bókakostur var skráður og flokkaður. Titlar eru á fimmta þúsund.

Til gamans má geta þess að hluti Eden-hugmyndafræðinnar er að stuðla að fjölbreytileika tilverunnar með því að skapa heimili þar sem er að finna fólk á öllum aldri, dýr, plöntur og börn. Með þetta að leiðarljósi hefur smám saman verið fjölgað dýrum á heimilunum. Heimiliskötturinn Perla sá þó til þess að fuglunum í Hlíð fækkaði skyndilega. Og stórir og fallegir gullfiskar í tjörninni í garðinum í Hlíð enduðu í maga svangra hettumáfa án þess að mannfólkið fengi rönd við reist. Þannig skiptast á skin og skúrir í dýrahaldi á öldrunarheimilunum eins og annars staðar í tilverunni.

Mörg undanfarin ár hefur verið frábært samstarf við leikskóla bæjarins og heimsækja leikskólabörn frá nokkrum leikskólum allar deildir heimilanna einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Þessum heimsóknum fylgir líf og fjör og njóta ungir sem aldnir samverunnar. Einnig taka öldrunarheimilin þátt í samstarfsverkefni með Menntaskólanum á Akureyri, Eyjafjarðarprófastsdæmi og kirkjunum á Akureyri þar sem kynslóðirnar mætast, bera saman bækur sínar og njóta samvista.

Það gæti komið einhverjum á óvart en mikil frjósemi er á öldrunarheimilum Akureyrar. Á einni deild eiga átta starfsmenn von á barni á næstunni eða hafa nýlega eignast afkomendur – menn hafa velt fyrir sér hvort setja megi upp ráðgjafastofu fyrir barnlaust fólk á deildinni.

Verið er að undirbúa lítið kaffihús á gamla matsal starfsmanna í Hlíð, „Kaffi Sól" – þangað geta íbúar og aðstandendur komið einu sinni í viku og fengið sér kaffi og kökur svipað og á öðrum kaffihúsum nema að veitingar í „Kaffi Sól" verða fólki að kostnaðarlausu.

Í sama rými er verið að skipuleggja klúbbstarfsemi fyrir fólk með heilabilun, „Sólskinsklúbbinn". Þetta klúbbstarf er sérstaklega ætlað til þess að örva og gleðja fólk sem erfitt á með að taka þátt í annarri afþreyingu vegna heilabilunar. Starfsmenn hafa sjálfir útbúið margs konar litrík og skemmtileg spil og tæki til þess að nýta í klúbbastarfinu.

Margs konar fræðsla hefur verið í boði á öldrunarheimilunum en til skamms tíma hefur hún verið aðgreind annars vegar fyrir starfsfólk og hins vegar fyrir íbúa og aðstandendur. Ákveðið var að breyta þessu og bjóða alla, íbúa, aðstandendur og starfsmenn, velkomna á alla fræðslu. Safnað var tölvupóstföngum aðstandenda og fá þeir upplýsingar með tölvupósti um

fræðslu og annað sem er í boði. Töluverð þátttaka íbúa og aðstandenda hefur verið í fræðslunni eftir að þessi breyting var gerð og er þetta ánægjuleg og sjálfsögð breyting í þróun þjónustunnar.

Alþýðubandalagið á Akureyri færði dvalarheimilinu Hlíð 2 milljónir króna að gjöf í lok ársins. Með þessari höfðinglegu gjöf vill félagið heiðra minningu heiðursmannanna Lárusar Björnssonar og Sigurðar Kristjánssonar sem báðir nutu umönnunar í Hlíð síðustu æviárin. Fjármununum á að verja til útfærslu á verkefnum tengdum Eden-hugmyndafræðinni sem verið er að innleiða á öldrunarheimilunum.

„Vinir Hlíðar" er hópur sem í eru fyrirverandi starfsmenn sem hafa hætt störfum vegna aldurs. Þeir hafa sýnt 3 bíó á sunnudögum og aðstoðað íbúa sem hafa tekið þátt í samveru aldraðra á vegum kirkjunnar fyrsta fimmtudag í mánuði.

Óskað hefur verið eftir hundaheimsóknum frá Rauða krossinum. Sérfræðingur hefur tekið út hunda sem til greina komu og nú standa til boða vikulegar heimsóknir 3ja hunda á deildir öldrunarheimilanna. Einnig hefur verið óskað eftir að Rauða krossvinir aðstoðuðu við að hafa opið kaffihús t.d. um helgar og er það í skoðun.

Í samstarfi við listamenn á Akureyri eru haldnar listsýningar í nýjum matsal í viðbyggingu við Hlíð nokkrum sinnum á ári. Þetta er skemmtileg nýbreytni sem eykur fjölbreytni daglegs lífs.

Viðhaldsmál voru ofarlega á baugi eins og undanfarin ár. Endurbótum er að ljúka í Víðihlíð þar sem útbúnar hafa verið góðar borðstofur á báðum hæðum með eldhúskrókum. Nú geta íbúar borðað í minni hópum 14-16 manns í stað 30 áður og verður þá rólegra yfirbragð og heimilislegra. Aðstaða fyrir starfsfólk hefur líka verið bætt, starfshópnum verður skipt meira á hæðir og ættu þá hlaup að minnka. Einnig hefur verið útbúin ný og rúmgóð sturta á annarri hæð en áður var aðeins ein sameiginleg sturta fyrir 30 íbúa.

Nú þegar endurbótum í Víðihlíð er að ljúka eru uppi hugmyndir um nýtingu á „gamla eldhúsinu" – eins og fyrri daginn er verið að huga um einfaldar og ódýrar lausnir til þess að nýta þetta rými. Menn eru að velta fyrir sér aðstöðu fyrir ýmiss konar handverk sem vantar aðstöðu fyrir. Hugmyndirnar eru endalausar og starfsmenn, íbúar og dagþjónustugestir vinna saman að hugmyndunum.

Við teljum reynsluna af að geta boðið upp á fasta dvöl, skammtímadvöl og dagþjónustu undir sama þaki vera mjög góða. Fólk kynnist þá þjónustunni, starfsfólkinu og húsnæðinu smám saman og þekkir vel til þegar kemur að því að þiggja meiri þjónustu.

Öldrunarheimili Akureyrar eru þátttakendur í Evrópusambandsverkefni um öldrunarmál. Markmið þess er að þróa leiðir til að bregðast við fyrirsjáanlegum auknum fjölda aldraðra, hlutfallslega minni fjárframlögum og væntanlegum erfiðleikum við að fá starfsfólk til starfa í öldrunarþjónustu í framtíðinni. Í fyrirsjáanlegri framtíð verður gríðarleg fjölgun á eldra fólki og er reiknað með að árið 2040 verði nálægt 25% þjóðarinnar 67 ára og eldri. Þessi lýðfræðilega breyting krefst nýrra hugmynda og lausna og því er nauðsynlegt að þróa umönnun aldraða og þjónustu tengda henni. Einnig er mikilvægt að lífsgæðin haldist og nauðsynlegt að viðhalda líkamlegri og andlegri færni. Íslenskir samstarfsaðilar Öldrunarheimila Akureyrar í verkefninu eru félagsþjónustan í Hafnarfirði og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands en auk þeirra taka þátt Norðmenn, Svíar, Finnar og Færeyingar.

Á árinu fékkst leyfi frá félags- og tryggingamálaráðuneyti til þess að byggja nýtt hjúkrunarheimili í stað Kjarnalundar. Kjarnalundur er í leiguhúsnæði og rennur leigutíminn út í október 2012. Byggingarnefnd hefur verið skipuð og undirbúningur er hafinn að byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Akureyri.

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM
31. desember 2009

Bæjarstjórn Akureyrar
Kristján Þór Júlíusson forseti
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Hjalti Jón Sveinsson
Hermann Jón Tómasson
Sigrún Stefánsdóttir
Helena Þuríður Karlsdóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson
Baldvin Halldór Sigurðsson
Kristín Sigfúsdóttir

Bæjarstjóri
Sigrún Björk Jakobsdóttir til 9. júní 2009
Hermann Jón Tómasson frá 9. júní 2009

Endurskoðendur
KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Skoðunarmenn bæjarreikninga
Hermann Óskarsson
Jakob Björnsson

FASTANEFNDIR

Bæjarráð
Hermann Jón Tómasson formaður til 9. júní 2009
Sigrún Björk Jakobsdóttir formaður frá 9. júní 2009
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Sigrún Stefánsdóttir
Baldvin Halldór Sigurðsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason
(áheyrnarfulltrúi)

Félagsmálaráð
Sigrún Stefánsdóttir formaður
Þóra Ákadóttir
Baldvin Valdemarsson
Kristín Sigfúdóttir
Ingimar Eydal

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar
Helena Þuríður Karlsdóttir formaður
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir til 9. júní 2009
Sigrún Björk Jakobsdóttir frá 9. júní 2009
Jón Erlendsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason til 1. sept. 2009
Jakob Björnsson frá 1. sept. 2009

Íþróttaráð
Ólafur Jónsson formaður
Agnes Arnardóttir
Sveinn Arnarson
Dýrleif Skjóldal
Erlingur Kristjánsson

Kjörstjórn
Helgi Teitur Helgason formaður
Þorsteinn Einar Arnórsson
Helga Guðrún Eymundsdóttir

Samfélags- og mannréttindaráð
Þorlákur Axel Jónsson formaður
Baldur Dýrfjörð
María Marinósdóttir
Margrét Ríkarðsdóttir
Gerður Jónsdóttir

Skipulagsnefnd
Jón Ingi Cæsarsson formaður
Ólafur Jónsson
Unnsteinn Jónsson
Jóhannes Árnason
Haraldur Sveinbjörn Helgason

Skólanefnd
Elín Margrét Hallgrímsdóttir formaður
Sigrún Stefánsdóttir
Lára Stefánsdóttir
Dýrleif Skjóldal
Sigurveig S. Bergsteinsdóttir

Stjórn Akureyrarstofu
Elín Margrét Hallgrímsdóttir formaður
Helena Þuríður Karlsdóttir
Unnar Jónsson
Baldvin H. Sigurðsson
Halla Björk Reynisdóttir

Stjórnsýslunefnd
Hermann Jón Tómasson formaður frá 1. sept. 2009
Sigrún Björk Jakobsdóttir formaður til 1. sept. 2009
Helena Þuríður Karlsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir
Oddur Helgi Halldórsson

Umhverfisnefnd
Hjalti Jón Sveinsson formaður
Jón Ingi Cæsarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Klara Sigríður Sigurðardóttir
Petrea Ósk Sigurðardóttir

STARFSNEFNDIR

Fræðslunefnd
Inga Þöll Þórgnýsdóttir
Katrín Björg Ríkarðsdóttir
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Friðný Sigurðardóttir
Leifur Þorsteinsson

Kjarasamninganefnd
Ásgeir Magnússon formaður
Þórarinn B. Jónsson til 9. júní 2009
Ögmundur Knútsson frá 9. júní 2009
María Ingadóttir

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í SAMSTARFSNEFNDUM/VERKEFNUM

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar
Bæjarstjóri
Bæjartæknifræðingur
Slökkviliðsstjóri

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs
Helena Þuríður Karlsdóttir
Bjarni Smári Jónasson til 11.06.2009
Baldvin Esra Einarsson

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar
Baldur Dýrfjörð formaður
Jóhanna Ragnarsdóttir
Þorgerður Þorgilsdóttir
Dýrleif Skjóldal

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri
Halla Margrét Tryggvadóttir

Fjölsmiðjan
Sigrún Stefánsdóttir

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands
Kristján Þór Júlíussson

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs
Hólmkell Hreinsson

Hafnasamlag Norðurlands
Björn Magnússon formaður
Guðgeir Hallur Heimisson
Anna Júlíusdóttir
Ólafur Þ. Jónsson
Viðir Benediktsson

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra
Þóra Ákadóttir formaður
Frosti Meldal

Héraðsnefnd Eyjafjarðar
Hjalti Jón Sveinsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Helena Þuríður Karlsdóttir
Baldvin Halldór Sigurðsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands
Gunnar Frímannsson formaður
Víglundur Þorsteinsson
Elín Margrét Lýðsdóttir

Launanefnd sveitarfélaga
Hermann Jón Tómasson

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra
Bergur Þorri Benjamínsson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Kristján Þór Júlíusson
Hermann Jón Tómasson
Hjalti Jón Sveinsson
Sigrún Stefánsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson

Stjórn Eyþings
Sigrún Björk Jakobsdóttir

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar
Hermann Jón Tómasson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Oddur Helgi Halldórsson

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri
Ragnheiður Jakobsdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir
Baldvin H. Sigurðsson

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga
Sigrún Björk Jakobsdóttir

Veiðifélag Eyjafjarðarár
Hermann Brynjarsson

Vetraríþróttamiðstöð Íslands
Þórarinn Blómkvist Jónsson
Gerður Jónsdóttir

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Flokkun ehf
Hermann Jón Tómasson
Baldvin Halldór Sigurðsson
Kristín Halldórsdóttir

Fóðurverksmiðjan Laxá hf
Dan Jens Brynjarsson

Menningarhúsið Hof
Freyja Dögg Frímannsdóttir

Norðurorka ehf
Ásgeir Magnússon formaður
Bjarni Jónasson
Kristín Sigfúsdóttir
Hákon Hákonarson
Anna Þóra Baldursdóttir

Þekkingarvörður ehf
Jón Kristinn Sólnes

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000
Fax 460 1001
www.akureyri.is | www.visitakureyri.is